

Rekstur hjúkrunarheimilisins Naust í Langanesbyggð

Greining á ýmsum þáttum í rekstri Nausts

á árunum 2015 - 2021



Ágúst 2021

GAJ ráðgjöf slf.

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	3
Töfluskrá.....	4
Útdráttur	5
1. Samandregnar niðurstöður og ábendingar	8
1.1. Helstu niðurstöður úr greiningu á rekstri hjúkrunarheimilisins Naust	8
1.2. Almennar ábendingar er varða stöðu hjúkrunarheimilisins Nausts, reikningsskil og fjárhagsleg samskipti þess við Langanesbyggð	10
2. Aðdragandi verkefnisins	13
3. Almenn um starfsemi Nausts, stofnun þess og þróun starfseminnar.....	15
4. Starfsmannahald, fjöldi stöðugilda og tegundir starfa á Nausti	19
4.1. Almenn um rekstur Nausts	19
3.2. Þróun kjarasamninga sem varða starfsemi Nausts.....	21
4. Greining á rekstri Nausts.....	24
4.1. Inngangur	24
4.2. Niðurstöður úr rekstraryfirliti Nausts.	26
4.3. Nánari greining á einstökum liðum í rekstri Nausts.....	32
4.4. Greining launakostnaðar	34
4.5. Þróun ýmissa rekstrarliða á árunum 2015 - 2020.....	37
4.6. Yfirlit um rekstrarniðurstöðu Nausts eftir leiðréttingafærslur	44
4.7. Samanburður á greiðslum Sjúkratrygginga og heildarlaunakostnaði Nausts ..	46
Heimildaskrá.....	51

Myndaskrá

Mynd 1. Þróun launakostnaðar á árunum 2015 - 2020	35
Mynd 2. Mismunur á raunverulegum launakostnaði og fjárhagsáætlun á árunum 2015-2020.....	36
Mynd 3. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á árunum 2015-2020	37
Mynd 4. Greiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands á árunum 2015 - 2020	38
Mynd 5. Þróun á greiðslum Sjúkratrygginga Íslands til Nausts á árinum 2015 - 2020.....	38
Mynd 6. Þróun „ýmiss kostnaðar“ að raungildi og skv. fjárhagsáætlunum á árunum 2015 - 2020	39
Mynd 7. Hlutfallsleg þróun „ýmiss kostnaðar“ á árinum 2015 - 2020	40
Mynd 8. Hlutfallsleg þróun á raunkostnaði við aðkeypta þjónustu á árunum 2015 - 2020.....	40
Mynd 9. Hlutfallsleg þróun á raunkostnaði við aðkeypta þjónustu án innri leigu á árunum 2015 - 2020	41
Mynd 10. Hlutfallsleg þróun á raunkostnaði við innri leigu á árunum 2015 - 2020	42
Mynd 11. Þróun á raunkostnaði við aðkeypta þjónustu á árunum 2015 - 2020	42
Mynd 12. Hlutfallsleg þróun á greiðslum frá Sjúkratryggingum annars vegar og launakostnaðar hins vegar á árunum 2015 - 2020.....	43
Mynd 13. Rekstrarniðurstaða Nausts eftir leiðréttingar en fyrir óvenjulega liði á árunum 2015 - 2020.	44
Mynd 14. Rekstrarniðurstaða Nausts eftir leiðréttingar með óvenjulegum liðum en án framlaga sveitarfélaganna á árunum 2015 - 2020.	45
Mynd 15. Rekstrarafkoma Nausts eftir óvenjulega liði á árunum 2015 - 2020	45
Mynd 16. Hlutfall heildarlaunakostnaðar af greiðslum frá Sjúkratryggingum á árunum 2015 – 2021	47

Töfluskra

Tafla 1. Fjöldi og skipting stöðugilda á Nausti árið 2020	20
Tafla 2. Stöðugildi á Nausti á árunum 2016 - 2019	21
Tafla 3. Hlutfallsleg breyting dagvinnulauna og heildarlauna á árinum 2017 - 2019 hjá hjúkrunarheimilum sem rekin eru af sveitarfélögum.	22
Tafla 4. Hlutfallsleg breyting dagvinnulauna og heildarlauna á árinum 2017 - 2019 hjá hjúkrunarheimilum sem rekin eru af öðrum rekstraraðilum.	23
Tafla 5. Stuðull fyrir vegiðmeðalta vísitölu neysluverðs og launavísitölu árin 2015 - 2020.....	24
Tafla 6. Rekstraryfirlit fyrir Naust á árunum 2015 - 2020 án leiðréttinga	27
Tafla 7. Rekstraruppgjör fyrir Naust fyrstu sex mánuði ársins 2021	28
Tafla 8. Uppgjör fyrir rekstur Nausts fyrir árin 2015-2020 leiðrétt með tilliti til verðlagsbreytinga, afturvirkra greiðslna og óvenjulegra liða	30
Tafla 9. Leiðrétt sex mánaða uppgjör Nausts fyrir árið 2021	31
Tafla 10. Hlutfallsleg skipting hefðbundinna tekna Nausts á árunum 2015-2020 án framlaga Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.....	33
Tafla 11. Hlutdeild einstakra útgjaldaliða af reglulegum tekjum á árunum 2015- 2020.....	33
Tafla 12. Hlutdeild einstakra liða í heildar launakostnaði á árunum 2016 - 2021	34
Tafla 13. Álagsgreiðslur á laun á árunum 2016 - 2021	35
Tafla 14. Greiðslur frá Sjúkratryggingum og heildarlaunakostnaður Nausts á árunum 2015 - 2021	47
Tafla 15. Fjárvöntun Nausts á árunum 2017 - 2021 miðað við að heildarlaun séu árlega 81,6% af greiðslum frá Sjúkratryggingum.	48

Útdráttur

Skýrsla þessi um rekstur og rekstrarafkomu hjúkrunarheimilisins Naust í Langanesbyggð er samin af GAI ráðgjöf slf / Gunnlaugi A. Júlíussyni MSc, að beiðni sveitarstjórnar Langanesbyggðar. Markmið með gerð hennar er að greina stöðu og rekstur hjúkrunarheimilisins Naust með hliðsjón af þeirri erfiðu rekstrarstöðu sem heimilið er í. Leggja skyldi fram ábendingar um aðgerðir í framhaldi af því. Þessi rekstrarúttekt er einnig unnin í tengslum við almenna umræðu um stöðu hjúkrunarheimila í samfélaginu og vaxandi rekstrarvanda þeirra á landsvísu.

Starfssvæði hjúkrunarheimilisins Naust er sveitarfélagið Langanesbyggð, sem samanstendur af Þórshöfn með tilheyrandi dreifbýli og Bakkafirði með tilheyrandi dreifbýli, svo og sveitarfélagið Svalbarðshreppur. Íbúafjöldi á starfssvæði hjúkrunarheimilisins var 598 þann 1. janúar 2021. Í Langanesbyggð bjuggu þann 1. janúar 2021 samtals 504 íbúar og í Svalbarðshreppi 94 íbúar. Samkvæmt samningum milli sveitarfélaganna um starfsemi heimilisins þá er rekstrarhalla og framkvæmdakostnaði skipt milli þeirra eftir íbúafjölda.

Hjúkrunarheimilið Naust gegnir bæði hlutverki hjúkrunarheimilis og dvalarheimilis fyrir aldrað fólk á starfssvæði sínu.

Við greiningu á starfsemi heimilisins er fyrst og fremst stuðst við upplýsingar úr rekstri hjúkrunarheimilisins svo og aðrar upplýsingar um starfsemi þess. Þær voru meðal annars fengnar í viðtölum og tölvupóstsamskiptum við sveitarstjóra Langanesbyggðar og forstöðumann og rekstrarstjóra hjúkrunarheimilisins Naust.

Við vinnslu meðfylgjandi greinargerðar hefur síðan verið haft samband við eftirfarandi aðila sem hafa góðfúslega veitt margháttaðar, gagnlegar upplýsingar sem varða viðfangsefnið ásamt meðfylgjandi greiningarvinnu:



Benedikt Valsson, sérfræðingur hjá kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, vann greiningu á breytingum á dagvinnulaunum annars vegar og heildarlaunum hins vegar hjá hjúkrunarheimilum á árabílinu 2017-2019.

Gísli Páll Pálsson, framkvæmdastjóri Grundar og þáverandi formaður Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, veitti ýmsar upplýsingar um samskipti Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu við ríkisvaldið.

Jóhann Hafberg Jónasson, rekstrarstjóri Langanesbyggðar, vann ýmsar tölulegar upplýsingar og veitti greinargóð svör við öllum spurningum um rekstur Nausts og rekstraruppgjör hjúkrunarheimilisins.

Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, veitti margháttaðar upplýsingar og lagði fram góðar ábendingar um vinnslu skýrslunnar.

Karítas Ósk Agnarsdóttir, hjúkrunarforstjóri hjúkrunar- og dvalarheimilisins Naust á Þórshöfn, veitti margháttaðar upplýsingar um rekstur Nausts.

Sigurjón Norberg Kjærnested, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV), veitti gagnlegar upplýsingar um áherslur í viðræðum við ríkisvaldið um málefni hjúkrunarheimila.

Valgerður Freyja Ágústsdóttir, sérfræðingur hjá hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Rætt var við Valgerði á á fjarfundi og gaf hún margar gagnlegar upplýsingar um málefni hjúkrunarheimila. Valgerður hefur unnið mikið að málefnum hjúkrunarheimila og öldrunarþjónustu fyrir hönd sambandsins á liðnum árum og hefur yfirgripsmikla þekkingu á þeim málum.

Við meðfylgjandi greiningu á rekstrinum er að meginstofni til unnið úr upplýsingum sem fengnar voru úr ársreikningum og bókhaldi hjúkrunarheimilisins frá árunum 2015 – 2020.

Almennt má segja að rekstur hjúkrunarheimilisins Nausts hafi verið erfiður á tímabilinu. Taprekstur var á heimilinu á árinu 2015 en afgangur var af rekstri þess á árinu 2016. Frá og með árinu 2017 hefur verið viðvarandi og vaxandi hallarekstur á síðustu árum. Þó var hallarekstur frekar hóflegur á árinu 2018. Yfirlit um afkomuna kemur betur fram í þeim kafla þar sem fjallað er um rekstur hjúkrunarheimilisins.

Fram kemur við nánari greiningu að hefðbundnir tekjustofnar Naust sem eru greiðslur frá Sjúkratryggingum hafa ekki hækkað í samræmi við niðurstöður kjarasamninga. Afleiðing þess er vaxandi hallarekstur.

1. Samandregnar niðurstöður og ábendingar

Hér verður gefið yfirlit um helstu niðurstöður og ábendingar sem standa eftir að aflokinni framanskráðri yfirferð. Þessari samantekt er skipt upp í tvo hluta. Í þeim fyrri er farið yfir niðurstöður greiningar á rekstri hjúkrunarheimilisins Naust. Í þeim seinni eru settar fram ábendingar um ýmis atriði sem varða reikningsskil og fjárhagsleg samskipti Nausts og Langanesbyggðar og gætu leitt til aukins skýrleika þar á.

1.1. Helstu niðurstöður úr greiningu á rekstri hjúkrunarheimilisins Naust

1. Niðurstaða þeirrar greiningar sem hér hefur verið unnin leiðir í ljós að miklar launahækkningar í kjölfar niðurstöðu kjarasamninga hafa leitt af sér vaxandi hallarekstur. Það á sérstaklega við árin 2019, 2020 og það sem liðið er af árinu 2021. Einungis á árinu 2016 var hjúkrunarheimilið Naust rekið með rekstrarafgangi á því tímabili sem til skoðunar var.
2. Samkvæmt þeirri greiningu á fyrirliggjandi gögnum sem unnin hefur verið þá er ekki að sjá að einstakir rekstrarliðir fyrir utan launaliðinn hafi þróast til verri vegar á þeim árum sem tekin voru til skoðunar. Stöðugleiki hefur verið í öðrum rekstrarliðum en launagreiðslum að mestu leyti. Ekki er að sjá að aukning á starfsmannahaldi eða mikil aukning yfirvinnu hafi leitt til þeirra breytinga á launagreiðslum, sem raun ber vitni, nema að mjög óverulegu leyti.
3. Innri leiga hækkaði í lok tímabilsins en sú breyting kemur í kjölfar mikilla lagfæringa á húsnæði heimilisins.
4. Kostnaður við aðkeypta þjónustu lækkaði að raungildi frá árinu 2015. Lækkunin var veruleg í nokkrum tilvikum.
5. Útgjöld við ýmsan kostnað var í góðu jafnvægi að raungildi á þeim árum sem tekin voru til skoðunar.
6. Leiðrétt var fyrir afturvirkum greiðslum vegna kjarasamninga hjúkrunarfræðinga. Þær komu til útgreiðslu á árinu 2021 en vörðuðu árin 2019 og 2020. Niðurstöður fyrrgreindra kjarasamningana höfðu töluverð áhrif á rekstur Nausts til hina verra á viðkomandi árum.
7. Á árinu 2020 er u.þ.b. einu stöðugildi fleira á Nausti en var að jafnaði á árunum 2016-2019.
8. Halli hefur verið á rekstri Nausts frá og með árinu 2017. Hallarekstur hefur farið vaxandi frá og með árinu 2019 og er ekki að sjá að sú þróun geti haldið áfram í óbreyttu formi.
9. Hlutdeild launakostnaðar af reglubundnum tekjustofnum hefur hækkað verulega frá og með árinu 2019. Það er í samræmi við vaxandi rekstrarhalla á rekstri

heimilisins á sama tímabili. Leiða má líkur að því að greiðslur Sjúkratrygginga til Nausts hafi ekki hækkað í samræmi við aukinn launakostnað sem fylgdi í kjölfar kjarasamninga. Í því sambandi væri þó áhugavert að taka saman yfirlit um hvort á einhverjum rekstrarárum hafi dvalið á heimilinu einstaklingar sem hafi þurft á sérstaklega dýrri þjónustu að halda. Ef um slíkt hafi verið að ræða þá gæti það skýrt að einhverju leyti sveiflur í rekstrarkostnaði heimilisins.

10. Verulegur munur er á raunhækkunum greiðslna frá Sjúkratryggingum annars vegar og launakostnaði á Nausti hins vegar á því tímabili sem unnið hefur verið með. Launakostnaður á Nausti hækkar mun meir að raungildi heldur en greiðslur frá Sjúkratryggingum.
11. Hlutdeild yfirvinnu af heildarlaunum vex töluvert á árinu 2021. Kanna þarf hvort ástæða þess sé af völdum styttingu vinnuvikunnar.
12. Eitt af þeim atriðum sem SFV hefur tekið sérstaklega fyrir í umræðunni við ríkisvaldið í umræðu um rekstrarstöðu hjúkrunarheimila er hvað Sjúkratryggingar leiðréttá seint greiðslur til heimilanna þegar kjarasamningar leiða af sér verulegar launahækkanir. Áhugavert er að leggja mat á hvaða áhrif þessi tímamunur á auknum rekstrarútgjöldum annars vegar og viðbrögðum Sjúkratrygginga hins vegar með að hækka greiðslur til hjúkrunarheimilanna til samræmis við aukinn rekstrarkostnað, hefur á rekstur heimilisins. Ekki er að sjá annað en að þessi staðreynd sé veigamikil ástæða fyrir þeim viðvarandi hallarekstri sem hefur verið á Nausti í fimm ár af þeim sex sem til skoðunar voru.
13. Þegar þróun á raungildi heildarlauna er borin saman við þróun á raungildi greiðslna frá Sjúkratryggingum kemur í ljós að greiðslur Sjúkratrygginga hafa ekki fylgt eftir þeirri þróun sem hefur orðið í þróun heildarlauna. Mismunur heildarlauna og greiðslna frá Sjúkratryggingum minnkar stöðugt. Á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 eru heildarlaunagreiðslur orðnar hærri en greiðslur Sjúkratrygginga. Þá er eftir að greiða allan annan rekstrarkostnað. Sú staða segir einfaldlega að hjúkrunarheimilið er órekstrarfært að óbreyttu.
14. Ef gengið er út frá þeirri forsendu að hlutfall milli heildarlaunakostnaðar á Nausti sé hið sama af greiðslum frá Sjúkratryggingum á árunum 2017 – 2021 og það var á árinu 2015 þá er fjárvöntun Nausts samtals 55.4 m.kr. Sú niðurstaða leiðir í ljós að miðað við óbreyttar forsendur er hjúkrunarheimilið Naust órekstrarhæft.
15. Svo rekstur Nausts komist í nauðsynlegt jafnvægi þarf í fyrsta lagi að gera upp fjárvöntun liðinna ára. Síðan þarf að tryggja að greiðslur Sjúkratrygginga þróist í samræmi við niðurstöður kjarasamninga. Það á bæði við um hlutfallslega hækkun samkvæmt kjarasamningum svo og að breytingar á greiðslum Sjúkratrygginga taki sem fyrst gildi eftir að niðurstöður kjarasamninga liggja fyrir.
16. Mikilvægt er að leggja vinnu í að greina rekstrarleg áhrif af styttingu vinnuvikunnar á rekstur Nausts. Greina þarf áhrif þessarar aðgerðar annars vegar á tvo vegu. Í fyrsta lagi þarf að kanna hvort stöðugildum á Nausti hafi fjölgað vegna styttingu vinnuvikunnar. Í öðru lagi þarf að kanna hvort aðgerðin hafi leitt af sér breytingar á launagreiðslum til einstakra starfsmanna s.s. þá sérstaklega á

greiðslur vegna yfirvinnu. Til að niðurstöður þessarar greiningar séu nægjanlega glöggar þarf að vinna gögnin niður á hvern einstakan starfsmann. SFV er að safna göngum frá þeim heimilum sem eru aðilar að samtökunum til að greina áhrif af styttingu vinnuvikunnar á rekstur þeirra. Niðurstöður þeirrar greiningar munu liggja fyrir síðar í haust.

1.2. Almennar ábendingar er varða stöðu hjúkrunarheimilisins Nausts, reikningskil og fjárhagsleg samskipti þess við Langanesbyggð

1. Hjúkrunarheimilið Naust er eitt fárra hjúkrunarheimila á landinu sem ekki er aðili að Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustun (SFV). Það er mat skýrsluhöfundar að það væri skynsamlegt fyrir þá aðila sem tengjast rekstri heimilisins, bæði þá sem eru ábyrgir fyrir rekstri hjúkrunarheimilisins svo og forsvarsmenn Langanesbyggðar sem helsta bakhjarls hjúkrunarheimilisins, að Naust gerðist aðili að samtökunum. Árgjald að samtökunum fer eftir stærð og rekstrarumfangi stofnana. Árgjöldin eru tvískipt og samanstanda annars vegar af grunngjaldi að samtökunum og hins vegar hlutfallsgjaldi. Hlutfallsgjald skal taka mið af tekjum aðildarfélags næstliðins árs vegna velferðarþjónustu, sem greiddar eru af ríkinu (eða sveitarfélögum ef sveitarfélög bera ábyrgð á þjónustunni) auk hlutdeildar sjúklings / heimilismanns í greiðslum, sem hið opinbera hefur ákvarðað. Ný aðildarfélög eru undanþegin greiðslu árgjalds á upphafsári aðildar.
2. Með aðild að samtökunum væru forsvarsmenn heimilisins beinir þátttakendur í allri hagsmunatengdri umræðu sem fer fram á vegum samtakanna. Þar til viðbótar væru þeir upplýstir á hverjum tíma um öll þau mál sem unnið er af hálfu þeirra.
3. Lögð skal áhersla á að gera upp rekstur og efnahag Nausts í formlegum ársreikningi ár hvert. Starfsemi heimilisins er það umfangsmikil miðað við rekstur sveitarfélagsins að nauðsynlegt er að skilja að uppgjör á rekstri og efnahag þessara aðila og leggja árlega fram sérstakan ársreikning fyrir hjúkrunarheimilið. Það gerir alla umræðu um rekstur þess og fjárhag markvissari og skilvirkari. Mikilvægt er, hvernig sem eignarhaldi húsnæðis er háttað, að kostnaður við húsnæðiskostnað heimilisins sé vel skilgreindur. Húsnæðisþátturinn er eitt af þeim stóru atriðum sem tekinn er fyrir í viðræðum SFV við Sjúkratryggingar Íslands.
4. Þegar Langanesbyggð leggur hjúkrunarheimilinu Naust til fjármagn hvort sem það er til rekstrar eða vegna fjárfestinga er nauðsynlegt að geta þess sérstaklega í ársreikningi sveitarfélagsins. Nauðsynlegt er að skilja á milli rekstrarframlaga annars vegar og framlagi vegna stærra viðhalds og/eða fjárfestinga hins vegar. Sveitarstjórn Langanesbyggðar verður hverju sinni að taka formlega ákvörðun

um hvort framlagið sé fært sem viðskiptakrafa á hjúkrunarheimilið í ársreikningi eða hvort það er afskrifað og fært til útgjalda á viðkomandi rekstrarári.

5. Rétt er að skilja að uppgjör á lífeyrisskuldbindingum vegna starfsfólks hjúkrunarheimilisins Nausts annars vegar og starfsfólks Langanesbyggðar hins vegar.
6. Mikilvægt er að skilgreina sérstaklega í skýringum með ársreikningi Nausts einskiptisaðgerðir sem hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu heimilisins. Á þann hátt er hægt að skilja á milli stöðu hefðbundins reksturs annars vegar og útgjalda vegna sértækra einskiptisaðgerða. Með sértækum einskiptisaðgerðum er til dæmis hægt að benda á útgjöld vegna langvarandi veikinda, afturvirk útgjöld vegna kjarasamninga og uppgjör við starfsmenn vegna starfsloka. Slíkir útgjaldaliðir geta vegið þungt rekstrarlega í einstökum tilfellum en breyta í raun ekki miklu hvað varðar hefðbundinn rekstur heimilisins.
7. Ef Langanesbyggð tekur lán sem sérstaklega eru ætluð sem framlag til rekstrar eða framkvæmda við Naust er rétt að þau lán séu skilgreind sérstaklega í ársreikningum Langanesbyggðar.
8. Í fjárhagslegu rekstraruppgjöri hjúkrunarheimilisins væri meir upplýsandi að skilja á milli fastra launa annars vegar og greiddrar yfirvinnu hins vegar. Slík aðgreining gerir auðveldara að fylgjast með þróun launakostnaðar og hvernig hann er samsettur. Launagreiðslur eru stærsti útgjaldaliður í rekstri hjúkrunarheimila. Því skiptir miklu máli að geta fylgst með þróun hans og hvernig launaliðurinn er samsettur. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunagreiðslum er lykiltala sem er gagnleg að nota til að fylgjast með hvernig reksturinn þróast.
9. Mikilvægt er að ábyrgðaraðilar Nausts og forsvarsmenn sveitarfélagsins fari mánaðarlega yfir rekstur Nausts til að gera sér grein fyrir í rauntíma hvernig reksturinn þróast og í hvaða átt hann stefnir. Mánaðarleg niðurstaða væri síðan borin saman við fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun. Með slíku vinnulagi væri fljótlegt að grípa til aðgerða ef nauðsynlegt reynist. Einnig er auðveldara að taka umræðu um öll stærri atriði sem tengjast rekstrinum og þarf að taka ákvörðun um.



10. Vinna þarf að því að koma í veg fyrir að rekstrarframlög til Nausts verði að föstum útgjaldalið hjá Langanesbyggð. Slík framlög draga úr fjárhagslegri getu sveitarfélagsins til að annast lögbundin verkefni sín.

2. Aðdragandi verkefnisins

Almenn umræða um erfiða rekstrarstöðu hjúkrunarheimila á Íslandi hefur verið fyrirferðarmikil á árinu 2021. Sú umræða er reyndar ekki ný af nálinni en hefur fengið aukinn þunga eftir að skýrsla verkefnastjórnar, sem starfaði á vegum heilbrigðisráðuneytisins, „Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila“, var birt í apríl 2021. Skýrslan er almennt nefnd „Gylfaskýrslan“ í höfuðið á Gylfa Magnússyni, formanni verkefnisstjórnar.

Meginniðurstaða skýrslunnar er að halli þeirra hjúkrunarheimila sem veittu upplýsingar um rekstur þeirra og aðrar umbeðnar upplýsingar var 1.497 m.kr. á árunum 2017-2019. Þegar tekið hefur verið tillit til greiðslna sveitarfélaga til reksturs hjúkrunarheimila er hallarekstur þeirra á fyrrgreindu tímabili 3.500 m.kr. Á árinu 2019 náðu einungis 13% heimilanna endum saman án fjárhagslegrar aðstoðar sveitarfélaganna. Þess ber að geta í þessu sambandi að þessi hallarekstur er nokkuð vanmetinn þar sem á árinu 2020 voru gerðir kjarasamningar sem hækkuðu laun starfsmanna hjúkrunarheimila afturvirkir.

Heildar launakostnaður hjúkrunarheimila hækkaði verulega á fyrrgreindu tímabili. Árið 2017 var hann samtals um 21 ma.kr. Á árinu 2020 stefndi hann í 26 ma.kr. miðað við upplýsingar frá hjúkrunarheimilunum frá fyrstu sex mánuðum ársins. Það gerir 23.8% hækkun launakostnaðar á tímabilinu. Þessi breyting orsakast bæði af hækkunum á launatöxtum svo og vegna breytinga á vinnuskipulagi.

Tekjur hjúkrunarheimila hefðu almennt þurft að hækka um 6,3% á árinu 2019 (eða kostnaður að lækka samsvarandi) til að ná rekstrarlegu jafnvægi án aðkomu sveitarfélaganna.

Í kjölfar þess að niðurstöður „Gylfaskýrslunnar“ var kynnt hefur heilbrigðisráðherra lagt á það áherslu í fjölmiðlum að nauðsynlegt sé að greina enn frekar þann mun í rekstrarafkomu hjúkrunarheimila sem kemur fram í „Gylfaskýrslunni“.

Settur hefur verið niður sérstakur vinnuhópur í þeim tilgangi. Starf hópsins beinist fyrst og fremst að einstökum útgjaldaliðum í rekstri stærri hjúkrunarheimila. Meginviðfangsefni hans er að greina annars vegar uppbyggingu og tilurð fjármagnskostnaðar og hins vegar samsetningu á húsnæðiskostnaði þeirra.

Undirritaður og sveitarstjóri Langanesbyggðar áttu nokkur samtöl um fjárhagsstöðu Nausts vorið 2021 í tengslum við almenna umræðu um erfiða rekstrarstöðu hjúkrunarheimila í landinu. Niðurstaða úr fyrrgreindum samtölum var að undirritaður tók að sér að vinna greiningu á rekstri Nausts og gera tilraun til að leiða í ljós í hverju aukinn rekstrarvandi stofnunarinnar liggur. Í því sambandi fundaði undirritaður með sveitarstjóra Langanes og hjúkrunarforstjóra og rekstrarstjóra Naust þann 10. júní sl. Í framhaldi af fundinum var var farið í heimsókn í Naust þar sem hjúkrunarforstjóri fylgdi undirrituðum um heimilið. Sú heimsókn var bæði fróðleg og ánægjuleg.

Á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 24. júní kemur fram í skýrslu sveitarstjóra að umrædd vinna sé hafin.

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður greiningar á rekstri hjúkrunarheimilisins Naust sem unnar eru úr þeim gögnum sem fyrirliggjandi hafa verið.



3. Almennt um starfsemi Nausts, stofnun þess og þróun starfseminnar

Sveitarfélögin Sauðaneshreppur, Þórshafnarhreppur og Svalbarðshreppur hófu samstarf í upphafi um rekstur hjúkrunar- og dvalarheimilis á Þórshöfn. Þáverandi heilbrigðisráðherra undirritaði samstarfssamning við fyrrgreind sveitarfélög á árinu 1988 um að ríkið keypti þjónustu fyrir aldraða af heimilinu. Í samningnum voru þjónustukröfur heimilisins skilgreindar svo og hvernig eftirliti skyldi háttað með rekstri heimilisins og framkvæmd samningsins. Rekstur hjúkunarheimilisins Naust hófst síðan á árinu 1989.

Markmið með stofnun hjúkrunarheimilisins var að gefa öldruðum íbúum fyrrgreindra sveitarfélaga kost á því að dvelja í heimabyggð þann tíma sem þeir höfðu þörf fyrir sérhæfða öldrunarþjónustu og hjúkrun. Hjúkrunarheimilinu var valin staðsetning á Þórshöfn sem er fjölmennasti þéttbýlisstaðurinn innan þeirra sveitarfélaga sem standa að rekstri þess. Sveitarfélögin hafa staðið ein að baki að baki rekstrinum á starfstíma heimilisins.

Í rammasamningi milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila frá árinu 2016 kemur fram kröfulýsing vegna reksturs hjúkrunarheimila. Hún er sem hér segir:

„Hjúkrunarheimili er heimili einstaklinga sem þurfa á langvarandi umönnunar- og hjúkrunarþjónustu að halda. Forsenda fyrir dvöl á hjúkrunarheimili er að viðkomandi einstaklingur hafi gilt færni- og heilsumat. Hjúkrunarrými eru tvennskónar. Annars vegar eru rými sem eru ætluð einstaklingum sem þurfa að flytjast á hjúkrunarheimili til langframa. Þeim er tryggð búseta þar til æviloka nema heilsufarslegar eða persónulegar aðstæður bjóði annað. Hins vegar eru rými til tímabundinnar dvalar sem eru ætluð einstaklingum sem þurfa hvíldarinnlögn eða endurhæfingu með það að markmiði að geta flutt heim aftur.

Hlutverk hjúkrunarheimila er að búa einstaklingum sem geta ekki dvalið á eigin heimili með viðeigandi stuðningi, dvöl og aðstoð við athafnir daglegs lífs og veita þeim viðeigandi heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þegar lífslok nálgast, er það einnig hlutverk hjúkrunarheimilis að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok til að einstaklingurinn haldi reisu sinni og átt friðsælt andlát. Þjónustan skal byggð á einstaklingsbundnu mati á

heilsufarslegum og félagslegum þörfum íbúans og miða að því að mæta þörfum hans og stuðla að bestu mögulegum lífsgæðum sbr. lög nr. 125/1999, um málefni aldraðra og reglugerð nr. 427/2013 um greiðslur öldrunarstofnana fyrir heilbrigðisþjónustu.

Hugmyndafræði hjúkrunarheimilis skal byggja á eftirtöldum þáttum

- Að búa íbúum vistlegt heimili þar sem mannréttindi, mannúð og virðing eru í heiðri höfð
- Að skapa íbúum öryggi með viðeigandi félagslegum og heilsufarslegum stuðningi
- Að veita íbúum alla nauðsynlega umönnun, hjúkrun og læknishjálp
- Að styrkja sjálfsmynd og sjálfræði íbúanna

Ávallt skal hafa í huga að um er að ræða heimili fólks. Herbergi/íbúð íbúans er heimili hans¹

Þegar rekstur hjúkrunarheimilisins Nausts hófst á árinu 1989 voru í heimilinu sjö hjúkrunarrými og tvö dvalarrými. Þeim hefur fjölgað eftir að byggð var viðbygging við heimilið og húsnæðið stækkað.

Upprunalegt húsnæði hjúkrunar- og dvalarheimilisins Nausts var byggt 1962 - 1964 á lóðinni að Langanesvegi 3B. Upphaflega var það byggt sem læknisbústaður. Á árunum 1986-1990 var unnið að því að breyta húsinu í vistheimili fyrir aldraða. Byggingin var mikið endurnýjuð, einangruð og klædd utan með stálklæðningu, endurbætt að innan og löguð að núverandi starfsemi.

Forsendur og rökstuðningur fyrir þörfinni á stækkun og endurbótum á heimilinu voru meðal annars að fjöldi aldraðra íbúa á svæðinu var orðinn hlutfallslega hár. Biðlisti eftir hjúkrunarrými og þjónustu hafði einnig aukist samkvæmt fyrirbyggjandi RAI-mati. Upphafleg bygging hafði verið nýtt til hins ýtrasta og þrengsli því mikil. Vistrými, þjónustuhluti og aðstaða starfsfólk var þannig verulega undir viðmiðunarstöðlum. Borðstofa eða salur til samverustunda og önnur afþreyingaraðstaða var lítil sem engin. Það var því þörf á auknum fjölda sjúkrarúma á hjúkrunardeild og að bæta aðstöðu til eldunar og borðhalds. Stjórn heimilisins hafði mótað hugmyndir um sínar óskir og haft samráð við heilbrigðisyfirvöld og fagfólk þar um.

Byggð var viðbygging við upprunalegt húsnæði Nausts á árunum 2004 – 2005. Viðbyggingin fól í sér aukið hjúkrunar- og þjónusturými, þar með talin borðstofa og

¹ Rammasamningur milli Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila (2016) Rammasamningur-um-thjonustu-hjukrunarheimila.pdf (sjukra.is)

anddyri. Auk þess fóru fram endurbætur á þjónusturýmum í eldri byggingu, um 97 m². Samtals náði framkvæmdin til 487 m². Viðbyggingin er á einni hæð og er steinsteypt bygging sem byggð er til vesturs frá eldri byggingu með hjúkrunarálmu og borðsal. Borðsalurinn myndar tengibyggingu milli hjúkrunarálmu og eldri byggingar með glerjuðum bogavegg. Til austurs var að auki byggð lítil viðbygging, anddyri, með steinsteyptu gólfi og að öðru leyti úr timbri og gleri. Viðbyggingin er alls 390 m², þar af er hjúkrunarálma og borðsalur 374 m² og anddyri 16 m². Endurbætur á eldra húsi náði til gagnberra endurbóta á eldhúsi, endurbóta á starfsmannaaðstöðu og kyndikerfa. Einnig var komið fyrir þvottahúsi í fyrrverandi bílgeymslu. Grunnflötur á því húsnæði sem var endurbætt er 97 m².²

Á árunum 2019 og 2020 var enn ráðist í breytingar á húsnæði hjúkrunarheimilisins. Markmið þeirra breytinga var að bæta aðstöðu fyrir heimilisfólk en einnig að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks. Helstu breytingar sem vörðuðu heimilisfólk voru að þremur herbergjum á neðri hæð var breytt í tvö herbergi. Nýinnréttuðu herbergin eru með salerni og baðaðstöðu. Áður höfðu þessi herbergi verið með sameiginlegri snyrtingu og baði.

Samhliða fyrrgreindum breytingum voru gerðar tilfærslur á annarri aðstöðu fyrir starfsfólk heimilisins. Línherbergi og matargeymsla voru færð til, það fyrrnefnda nær þvottahúsi til að bæta vinnuaðstöðu starfsfólks. Skrifstofa forstöðumanns og rekstrarstjóra voru færð á 2. hæð heimilisins. Þá var aðstaða fyrir skol og þvott bætt.

Kostnaður við fyrrgreindar breytingar var áætlaður um 19 m.kr. en varð að endingu um 32 m.kr. Hann var alfarið greiddur af þeim sveitarfélögum sem standa að Nausti.

Eftir stendur að skapa starfsfólki betri aðstöðu á ýmsan hátt. Við læknaheimsóknir er vaktherbergi t.d. nýtt til viðtala og skoðunar. Línherbergi er einnig mjög lítið. Þó er ekki hægt að segja annað en að eftir fyrrgreindar framkvæmdir er aðstaða til að þjónusta aldrafólk á Nausti orðin mjög góð, bæði hvað varðar aðstæður fyrir heimilisfólk og starfsfólk.

Eftir fyrrgreindar breytingar eru nú á Nausti ellefu hjúkrunarrými og þrjú dvalarrými. Það gera 14 rými fyrir stöðuga búsetu. Sá fjöldi rýma rúmast innan samnings við Sí.³

²Framkvæmdasýsla ríkisins. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust, Þórshöfn. Viðbygging. Skilamat. 2007.

³ Fjöldi hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrýma (stjornarradid.is)

Hjúkrunarþörf einstaklinga er metin með s.k. RAI mati⁴. Með RAI mati er því stýrt hve mikla hjúkrunarþörf íbúar heimilisins hafa þörf fyrir.

Þriðja tegund rýma á hjúkrunarheimilum eru hvíldarrými. Á Nausti er ekki til staðar fast pláss fyrir slíka þjónustu. Á hinn bóginn hefur heimilið leyfi til að nýta hjúkrunarrými sem sem hvíldarrými þá daga sem þau nýtast ekki sem hjúkrunarrými. Hvíldarrými eru hugsuð sem tímabundin lausn fyrir einstaklinga sem þurfa á vaxandi aðstoð að halda en eru ekki komnir í þá stöðu að þurfa að flytja alfarið á hjúkrunarheimili. Vegna þess að hjúkrunarrými hafa ekki verið fullnýtt á yfirstandandi ári þá hefur alltaf verið hægt að hafa hvíldarrými aðgengileg fyrir þá sem hafa þörf fyrir slíka þjónustu.

Fjögur dagvistarrými eru á Nausti. Þau eru nýtt til að þjónusta eldri íbúa í samfélaginu milli kl 8:00 og 16:00 á daginn. Þau eru helst nýtt af einstaklingum sem búa á eigin heimili en koma t.d. í hádegismat og nýta sér jafnvel iðjuþjálfun. Jafnframt stendur þeim til boða að leggja sig, fá aðstoð við böðun og aðra áþekka létta aðstoð sem þörf getur verið fyrir.

Í þeim tilgangi að styrkja rekstur lítilla hjúkrunarheimila er greitt til þeirra svokallað smæðarálag.

Smæðarálag tekur til hjúkrunarheimila sem eru með 60 rými eða færri, að undanskildum dvalarrýmum.

Smæðarálag er breytilegt eftir hjúkrunarheimilum og er greitt alla daga ársins óháð rýmafjölda. Smæðarálag er ætlað til að jafna út það rekstrarlega óhagræði sem felst í rekstri lítilla hjúkrunarheimila. Meðal annars liggur það í eðli slíks rekstrar að enda þótt hjúkrunarrými séu ekki ætíð fullnýtt þá er ógjörningur að aðlaga starfsmannahald að slíkum skammtímasveiflum. Meðal annars af þeim ástæðum verður rekstur lítilla hjúkrunarheimila ætíð dýrari á hverja einingu heldur en stærri hjúkrunarheimila þar sem nýting hjúkrunar- og dvalarrýma er betri.



⁴ RAI mat. Embætti landlæknis.

4. Starfsmannahald, fjöldi stöðugilda og tegundir starfa á Nausti

4.1. Almenn um rekstur Nausts

Í þessum kafla er dregið saman yfirlit um starfsmannahald á hjúkrunarheimilinu Nausti. Í því kemur fram hvernig það skiptist niður eftir eðli starfa, bæði hvað varðar hjúkrun og umönnun svo og almennan rekstur. Upplýsingar um starfsmannahald eru fengnar frá hjúkrunarforstjóra Nausts⁵

- Hjúkrunarforstjóri er ráðinn í 90% starf en skilar 80% viðveru í dagvinnu með breytilegum vinnutíma. Viðbótar 10% eru „óþægindaálag“ vegna margra símtala og styttri ferða á Naust utan vinnutíma. Vinnutími er breytilegur sem gagnast afar vel þegar eru veikindi hjá íbúum á Nausti og nauðsynlegt að hafa hjúkrunarfræðing í húsinu. Þá er ekki greidd yfirvinna fyrir kvöld/helgar- og næturvinnu, heldur álag líkt og um vaktavinnu væri að ræða.
Hjúkrunarforstjóri er eini hjúkrunarfræðingurinn sem starfar á Nausti, sem er ekki eins og best væri á kosið. Það getur reynst erfitt að finna hjúkrunarfræðinga í afleysingar og eins getur komið fyrir að ýmis verk sitji á hakanum t.d. þegar heimilið verður þungt hjúkrunarlega.
Eftir kl 16:00 á virkum dögum er hjúkrunarbakvakt sem hjúkrunarforstjóri Nausts og hjúkrunarfræðingar á heilsugæslu skipta á milli sín. Slík bakvakt er hugsuð til þess að bregðast við ófyrirséðum atvikum, s.s. veikindum eða slysum. Naust greiðir fyrir 1/3 umræddra bakvakta á móti Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) sem greiðir 2/3 kostnaðar á móti Nausti. Á milli HSN og Langanesbyggðar er unnið eftir sérstökum samningi þar um.
- Rekstrarstjóri er í 30% stöðu sem unnin er í dagvinnu. Til viðbótar við almenn rekstrarstjórastörf er rekstrarstjóri hægri hönd hjúkrunarforstjóra, sér um styttri afleysingar þegar hjúkrunarforstjóri er ekki. Hann heldur utan um mönnunarmál og almenn „deildarstjórastörf“ með hjúkrunarforstjóra.
- Innkaupastjóri er í 15% stöðu, mætir tvisvar í viku og sér um innkaup fyrir heimilið. Hann útbýr einnig matseðla. Þessi staða var upphaflega búin til í sparnaðarskyni og hefur reynst vel. Meira keypt af fersku hráefni og meira búið til frá grunni þegar matráðar versla ekki sjálfir inn.
- Tveir matráðar eru í 100% stöðu. Þeir unnu á 12 klst vöktum en stytta vaktirnar töluvert í tengslum við styttri vinnuviku. Matráðar annast matreiðslu, bakstur og þrif á eldhúsi.
- Á Nausti starfar einn sjúkraliði. Hann er sem stendur í 75% stöðu við almenna aðhlyningu og sinnir þar sömu störfum og aðrir í aðhlyningu. Til viðbótar hefur sjúkraliði aðstoðað hjúkrunarforstjóra með RAI mat og ýmsa matslista á íbúum s.s. minnispróf, sjálfsbjargarpróf og slíkt. Til stendur að sjúkraliði minnki talsvert við sig vinnu í haust þar sem hann ætlar í nám.

⁵ Persónulegar upplýsingar frá hjúkrunarforstjóra Nausts

- Samtals eru níu starfsmenn eru ráðnir í almenna aðhlyningu (umönnun á hjúkrunarheimili). Þeir sinna íbúum með athafnir daglegs lífs, tilfallandi þrifum á heimilinu, þrifum á hjálpartækjum o.fl sem tengist þörfum íbúanna beint eða óbeint. Þeir annast einnig allan þvott á heimilnu. Fastráðnir starfsmenn í aðhlyningu eru í 30-90% stöðugildum. Þeir voru hæst í 80% stöðugildi fyrir styttingu vinnuvikunnar.
- Sem stendur eru þrjú einstaklingar ráðnir í afleysingar. Þeim er greitt samkvæmt skráðum vinnutímum en stendur til að ráða þá á föst mánaðarlaun a.m.k núna yfir sumartímam. Þeir hafa leyst af fyrirsjáanleg frí s.s. vetrarfrí og sumarfrí en einnig þegar upp kemur tilfallandi vöntun á fólki t.a.m vegna veikinda. Eftir að þau voru ráðin inn heyrir til undantekninga að manna þurfi vaktir með yfirvinnu annarra starfsmanna, þó til fjarvista komi. Auk þeirra var ráðin inn ein manneskja til viðbótar í sumarafleysingu.
- Einn starfsmaður í 50% starfi sinnir ræstingum. Hann annast dagleg þrif á heimilinu að undanskildum þvotti (sem er unninn af starfsmönnum í aðhlyningu). Auk þess hefur verið af og til í boði yfirvinna þegar þarf að bóna gólf, þrifa gardínur eða gera önnur extra þrif.
- Heimilishjálp heyrir undir Nausti. Því starfi sinnir einn starfsmaður í 40,5% starfi í dagvinnu.
- Samtals eru starfandi á Nausti 20 einstaklingar í mismunandi miklum stöðugildum. Ársverk eru því mun færri en sem nemur fjölda starfsmanna.
- Vonir eru bundnar við að 1-2 einstaklingar sem starfa við afleysingu sé nægjanlegt frá og með haustinu 2021.

Árið 2020 var skipting stöðugilda milli starfa á Nausti sem hér segir:

Tafla 1. Fjöldi og skipting stöðugilda á Nausti árið 2020

Starf	Ársverk
Aðhlyning	8.5
Eldhús	2.0
Ræsting	0.59
Iðjuþjálfun	0.2
Innkaupastjóri	0.15
Hjúkrunarforstjóri	0.9
Rekstrarstjóri	0.3
Ársverk samtals	12.64

Heimild: Persónulegar upplýsingar frá hjúkrunarforstjóra Nausts

Samtals eru stöðugildi í sérhæfðum umönnunarstörfum 9,6 (76% af heild) og stöðugildi í rekstartengdum störfum 3,04 (24% af heild). Nauðsynlegt er að minna á að stytting vinnuvikunnar hefur haft áhrif á mönnun hjúkrunarheimilisins og kostnað við rekstur þess samkvæmt upplýsingum frá hjúkrunarforstjóra. Eðli starfa á heimilinu eru þess eðlis að styttingu vinnuvikunnar verður ekki mætt með hagræðingu í vinnutíma. Kerfisbreytingin

hefur leitt af sér hækkun launakostnaðar vegna fjölgunar starfsmanna og/eða vegna meiri yfirvinnu hjá starfsfólki í hlutastörfum. Ársverk við aðhlyningu voru til dæmis tæplega sjö fyrir styttingu vinnuvikunnar. Ekki liggja fyrir forsendur til að leggja mat á hvaða áhrif stytting vinnuvikunnar hefur haft á launakostnað Nausts en afar fróðlegt væri fyrir rekstraraðila heimilisins að hafa þær upplýsingar aðgengilegar.

Í töflu 2 koma fram upplýsingar um fjölda stöðugilda á árunum 2016 - 2019 á Nausti.

Tafla 2. Stöðugildi á Nausti á árunum 2016 - 2019

	2016	2017	2018	2019
Hjúkrunarforstjóri	0.8	0.8	0.8	0.8
Rekstrarstjóri	0.5	0.5	0.5	0.3
Sjúkraliðar	0.9	0.9	0.9	0.8
Ófaglærðir	6.42	6.98	5.82	6.94
Eldhús	2.2	2.1	2.1	1.9
Ræsting	0.25	0.25	0.25	0.26
Innkaupastjóri	0.125	0.125	0.125	0.2
Tómstundastjóri			0.15	
Samtals stöðugildi	11.2	11.7	10.6	11.2

Heimild: Persónulegar upplýsingar frá hjúkrunarforstjóra Nausts

Í töflu 2 kemur fram að fjöldi stöðugilda hefur verið mjög stöðugur á þessum fjórum árum eða á bilinu frá 11,2 stöðugildum upp í 11,7 stöðugildi. Á árinu 2020 fjölgar þeim upp í 12,6 eins og kemur fram í töflu 1. Áhugavert er að greina hvort ástæðu fjölgunar stöðugilda sé að finna í styttingu vinnuvikunnar.

3.2. Þróun kjarasamninga sem varða starfsemi Nausts

Á vegum kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur verið framkvæmd greining á áhrifum kjarasamninga hjá starfsfólki hjúkrunarheimila sem rekin eru af sveitarfélögum og falla undir kjarasamninga sveitarfélaganna⁶. Til samanburðar var gerð áþekkt greining fyrir hjúkrunarheimili sem rekin eru af öðrum rekstraraðilum. Launagreiðslur á árunum 2017, 2018 og 2019 voru teknar fyrir í þessari greiningu. Annars vegar eru greindar

⁶ Benedikt Valsson, persónulegar heimildir úr óbirtum niðurstöðum.

breytingar á dagvinnulaunum þeirra starfssviða sem tekin voru fyrir og hins vegar á heildarlaunum sömu sviða. Til samanburðar eru birtar upplýsingar um breytingar á vísitölu neysluverðs á sama tíma. Þannig er hægt að gera sér einhverja grein fyrir þeim breytingum á kaupmætti sem hefur átt sér stað hjá þessum stéttum á fyrrgreindu tímabili. Niðurstöður þessara greininga koma fram hér á eftir.

Í töflu 3 koma fram hlutfallslegar breytingar í dagvinnulaunum annars vegar og heildarlaunum hins vegar hjá eftirfarandi starfstéttum sem vinna á hjúkrunarheimilum sem rekin eru af sveitarfélögum. Þær eru eldhússtörf, hjúkrunarfræðingar, ófaglært starfsfólk og sjúkraliðar. Kjarasamningar starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Naust taka mið af kjarasamningum starfsfólks hjúkrunarheimila sem rekin eru af sveitarfélögum.

Tafla 3. Hlutfallsleg breyting dagvinnulauna og heildarlauna á árinum 2017 - 2019 hjá hjúkrunarheimilum sem rekin eru af sveitarfélögum.

	Dagvinnulaun				Heildarlaun		
	2017	2018	2019		2017	2018	2019
Eldhús	100.0	112.7	110.1	Eldhús	100.0	111.0	115.2
Hjúkrunarfræðingar	100.0	103.1	103.8	Hjúkrunarfræðingar	100.0	106.7	109.5
Ófaglært starfsfólk	100.0	103.4	105.6	Ófaglært starfsfólk	100.0	103.8	107.7
Sjúkraliðar	100.0	103.7	109.8	Sjúkraliðar	100.0	104.3	110.8
Vegið meðaltal	100.0	103.8	105.9	Vegið meðaltal	100	105.4	110.5

Í töflu 3 kemur fram að á árunum 2017 – 2019 hafa dagvinnulaun starfsfólks sem vinnur í eldhúsi hækkað um 10,1%, dagvinnulaun hjúkrunarfræðinga hafa hækkað um 3,8%, laun ófaglærðs starfsfólks hafa hækkað um 5,6% og dagvinnulaun sjúkraliða hafa hækkað um 9,8%. Þegar reiknað er út vegið meðaltal fyrir fyrrgreindar stéttir hafa dagvinnulaun hækkað um 5,9%.

Hækkun á heildarlaunum sömu starfstétta kemur einnig fram í töflu 3. Heildarlaun þess starfsfólks sem starfar í eldhúsi hafa hækkað um 15,2%, heildarlaun hjúkrunarfræðinga hafa hækkað um 9,5%, heildarlaun ófaglærðs starfsfólks hafa hækkað um 7,7% og heildarlaun sjúkraliða hafa hækkað um 10,8%. Vegið meðaltal af hækkun heildarlauna hjá fyrrgreindum starfstéttum er 10,5% hækkun launa.

Til samanburðar er birtar á töflu 4 hliðstæðar niðurstöður frá hjúkrunarheimilum sem rekin eru af öðrum rekstraraðilum en sveitarfélögum.

Tafla 4. Hlutfallsleg breyting dagvinnulauna og heildarlauna á árinum 2017 - 2019 hjá hjúkrunarheimilum sem rekin eru af öðrum rekstraraðilum.

	Dagvinnulaun				Heildarlaun		
	2017	2018	2019		2017	2018	2019
Eldhús	100.0	109.1	114.3	Eldhús	69.5	116.5	120.0
Hjúkrunarfræðingar	100.0	105.3	107.7	Hjúkrunarfræðingar	115.9	104.6	104.3
Ófaglært starfsfólk	100.0	102.7	108.4	Ófaglært starfsfólk	89.6	105.4	110.0
Sjúkraliðar	100.0	104.6	104.4	Sjúkraliðar	95.6	107.2	107.6
Vegið meðaltal	100.0	103.1	107.2	Vegið meðaltal	100	106.8	110.5

Fram kemur að nokkur mismunur er á launaþróun einstakra starfsstétta milli þeirra hjúkrunarheimila sem rekin eru af sveitarfélögum annars vegar og af öðrum rekstraraðilum hins vegar. Vegið meðaltal dagvinnulauna hefur hækkað um 7,2% sem er meiri hækkun en hjá starfsfólki hjúkrunarheimila sem rekin eru af sveitarfélögum. Hækkun á vegnu meðaltali heildarlauna er aftur á móti hin sama eða 10.5%.

Fram kemur að hækkun á dagvinnulaunum hjúkrunarfræðinga er áberandi lægst á þeim hjúkrunarheimilum sem rekin eru af sveitarfélögum. Sá munur virðist hafa verið leiðréttur með kjarasamningum sem leiddu meðal annars til afturvirkra greiðslna sem komu til útborgunar á árinu 2021 eins og síðar kemur fram.

Á sama tíma var hækkun vísitölu neysliverðs 5,8% milli ára 2017 - 2019. Launavísitala hækkaði um 11,7% á sama tímabili. Samanburður á breytingum á vísitölu neysliverðs og hækkun launa á sama tímabili leiðir í ljós að veruleg kaupmáttaraukning hefur átt sér stað hjá fyrrgreindum stéttum á umræddu tímabili.

Það er ljóst að fyrrgreindar hækkunir á launum þeirra stétta sem starfa á hjúkrunarheimilinu hafa haft áhrif á rekstur hjúkrunarheimilisins. Launakostnaður er stærsti einstaki kostnaðarliður í rekstri hjúkrunarheimila. Því hafa niðurstöður kjarasamninga mikil áhrif á útgjaldaþáttinn í rekstri þeirra. Ekki er sjálfgefið að rekstrartekjur hækki jafnhliða útgjaldaauka vegna launahækkana í kjölfar kjarasamninga.

Því miður liggur ekki fyrir úttekt á þróun dagvinnulauna og heildarlauna hjá starfsfólki hjúkrunarheimila yfir allt það tímabil sem hér er til umfjöllunar. Fyrrgreindar upplýsingar gefa þó nokkra hugmynd um hver þróun kjarasamninga og launa hefur verið á fyrrgreindu tímabili.

4. Greining á rekstri Nausts

4.1. Inngangur

Í þessum kafla verður rekstur hjúkrunarheimilisins Naust sundurliðaður og greindur fyrir rekstrarárin 2015 – 2021. Tölulegar upplýsingar eru settar á verðlag ársins 2020 samkvæmt stuðli fyrir vísitölu neysluverðs og launavísitölu samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands⁷ Vægi vísitalna er 79% launavísitala og 21% vísitala neysluverðs. Vægið er fundið eftir vægi launakostnaðar í rekstri Nausts.

Stuðull hvers árs kemur fram í töflu 5.

Tafla 5. Stuðull fyrir vegiðmeðalta vísitölu neysluverðs og launavísitölu árin 2015 - 2020

Ár	Launavísitala	Stuðull	Vísitala neysluverðs	Stuðull	Vegið meðaltal
2015	518,2	1,41	428,0	1,13	1,35
2016	577,1	1,27	435,3	1,11	1,23
2017	616,6	1,19	443,0	1,09	1,17
2018	656,4	1,12	454,8	1,06	1,10
2019	688,5	1,06	468,6	1,03	1,06
2020	732	1,00	481,9	1,00	1,00

Heimild: Hagstofa Íslands 2020

Í töflu 5 kemur fram að verðlag hefur hækkað um 35%, samkvæmt vegnu meðaltali vísitölu neysluverðs og launavísitölu frá árinu 2015 fram til ársins 2020. Vísitala neysluverðs hækkaði um 13% en launavísitala um 41%. Vægi vísitölu neysluverðs er 21% en vægi launavæisítölu er 79%. Verðlag hvers árs er margfaldað með samsvarandi stuðli. Á þann hátt verður verðlag nokkuð sambærilegt milli ára. Verðlag ársins 2015 er t.d. margfaldað með 1,35 til að færa það yfir á verðlag ársins 2020. Niðurstaða þessara útreikninga á að gefa eins trúverðuga mynd af þróun verðlags á fyrrgreindu tímabili og

⁷ Hagstofa Íslands (www.hagstofa.is)

mögulegt er að fá. Útreikningar eins og hér um ræðir byggja á ákveðinni einföldun en gefa engu að síður eins raunhæfan samanburð á verðlagi milli ára eins og kostur er.

Sundurliðaðar grunnupplýsingar úr rekstri Nausts fyrir fyrrgreind ár eru unnar af Jóhanni Hafberg Jónassyni rekstrarstjóra Nausts. Rekstrartengdar fjárhæðir hvers árs eru uppfærðir með stuðlum úr töflu 5 fyrir viðkomandi ár yfir á verðlag ársins 2020 til að fá sambærilegar niðurstöður milli ára.

Athygli vekur að ekki er settur upp sérstakur ársreikningur fyrir Naust heldur eru rekstrartengdar upplýsingar inni í ársreikningum Langanesbyggðar. Þær upplýsingar sem er að finna um rekstur Nausts í ársreikningi Langanesbyggðar koma fram þar sem B hluta fyrirtæki eru skilgreind. Þær niðurstöður sem þar koma fram eru nettóniðurstöður eða rekstrartekjur að frádregnum rekstrarútgjöldum (skýring 7 bls. 14 í ársreikningi Langanesbyggðar fyrir árið 2020). Þessi aðferðafræði gefur því ekki upplýsingar um heildarveltu B hluta fyrirtækja. Mikilvægt er að í ársreikningum komi fram upplýsingar um brúttóveltu þeirra til að þeir sem kynna sér ársreikningana fái upplýsingar um heildarumfang í rekstri þeirra.

Velta Nausts er það mikil að hún er nálægt 30% af rekstri sveitarfélagsins. Því er eðlilegt og nauðsynlegt að gera upp sérstakan ársreikning fyrir Naust í stað þess að hafa yfirlit um rekstur þess inni í ársreikningi sveitarfélagsins. Slíkur ársreikningur yrði settur upp á hefðbundinn hátt s.s. með rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og tilheyrandi skýringum. Í honum væru eignir hjúkrunarheimilisins einnig skilgreindar og gerð grein fyrir afskriftapörf. Fyrirkomulag sem þetta myndi gera öll reikningsskil gleggri svo og skerpa skil á milli reksturs hjúkrunarheimilisins og reksturs sveitarfélagsins.

Samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra Langanesbyggðar þá lagði Langanesbyggð hjúkrunarheimilinnu til verulega fjármuni á árinum 2019 og 2020 í tengslum við endurbætur á húsnæði þess. Ekki kemur sérstaklega fram í ársreikningi Langanesbyggðar fyrir árin 2019 og 2020 að slíkt framlag hafi verið innt af hendi. Mikilvægt er varðandi skýrleika reikningsskila og fjárhag hvors aðila fyrir sig að slík framlög séu vel skilgreind í ársreikningi hvors aðila fyrir sig. Í því sambandi er áréttað að nauðsynlegt er að fram komi í ársreikningi sveitarfélagsins hvort um rekstrarstyrk sé að ræða eða hvort um sé að ræða framlag vegna stærri viðhaldsverkefna eða endurbóta á húsnæðinu. Ef Langanesbyggð þarf að taka lán vegna slíkra framlaga er rétt að mati undirritaðs að slíkt lán sé skilið frá

öðrum lántökum sveitarfélagsins og eyrnamerkt hjúkrunarheimilinu sérstaklega í ársreikningum sveitarfélagsins.

Einnig má minna á stöðu lífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins. Mikilvægt er að skilja á milli þeirra lífeyrisskuldbindinga sem sveitarfélagið sem slíkt ber ábyrgð á vegna þeirra starfsmanna sem vinna hjá sveitarfélaginu annars vegar og þeirra lífeyrisskuldbindinga sem hjúkrunarheimilið Naust ber ábyrgð á vegna sinna starfsmanna hins vegar. Það er sérstaklega mikilvægt að skilja þarna á milli þegar taka skal tillit til þess að greiðslur frá Sjúkratryggingum ríkisins eiga að standa undir rekstri hjúkrunarheimilisins, hvort sem um er að ræða daglega starfsemi, rekstur, viðhald og endurbætur húsnæðis eða lífeyrisskuldbindingar starfsfólks.

Í þessu sambandi skal sérstaklega áréttað að Naust er ekki alfarið rekið á ábyrgð Langanesbyggðar. Svalbarðshreppur stendur einnig að rekstri þess með hlutfallslegri bakábyrgð sem tekur mið af íbúafjölda hvors sveitarfélags fyrir sig.

4.2. Niðurstöður úr rekstraryfirliti Nausts.

Í töflu 6 kemur fram hvernig rekstur Nausts hefur þróast á árunum 2015 - 2020. Tekið skal fram að hér er eingöngu um rekstrarliði að ræða en ekki reiknaða liði svo sem afskriftir og fjármagnskostnað. Hér er um að ræða niðurstöðu úr rekstraryfirliti eins og það birtist án annarra leiðréttinga en að innri leiga er skilgreind sérstaklega.



Tafla 6. Rekstraryfirlit fyrir Naust á árunum 2015 - 2020 án leiðréttinga

Rekstrartekjur	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Heildartekjur frá Sjúkratryggingum	114,311,950	140,841,374	129,864,881	142,929,348	147,419,515	156,102,880
Framlag Langanesbyggðar	269,450	0	0	0	0	46,602,991
Framlag Svalbarðshrepps	969,570	-1,348,366	1,047,696	438,640	-213,054	4,709,944
Heildartekjur	115,550,970	139,493,008	130,912,577	143,367,988	147,206,461	207,415,815
Rekstrarkostnaður						
Laun og tengd gjöld	93,196,732	103,904,465	110,146,773	119,363,437	128,479,096	141,351,303
Ýmis kostnaður	15,685,709	18,093,543	18,144,698	18,136,948	19,283,802	21,347,329
Aðkeypt þjónusta án i.l.	9,421,657	7,939,369	6,082,710	7,802,779	4,794,275	7,249,538
Innri leiga	16,595	62,744	3,102,000	10,000	3,429,672	7,654,042
Hlutdeild í sameiginlegum rekstrarkostnaði	49,103	6,857,040	4,676,076	4,821,786	5,241,094	5,578,192
Samtals rekstrarkostnaður	118,369,796	136,857,161	142,152,257	150,134,950	161,227,939	183,180,404
Rekstrarniðurstaða	-2,818,826	2,635,847	-11,239,680	-6,766,962	-14,021,478	24,235,411

Í töflu 6 kemur fram að verulegar sveiflur eru í rekstrarafkomu milli ára. Nokkur halli er á rekstrinum árið 2015, rekstrarafgangur er á árinu 2016, verulegur halli á árunum 2017 - 2019. Á árinu 2020 er rekstrarafgangur að fjárhæð 24.3 m.kr. að teknu tilliti til greiðslu frá Langanesbyggð að fjárhæð 46,6 m.kr. og frá Svalbarðshreppi að fjárhæð 4.7 m.kr. Það er því einnig verulegur halli á rekstri Nausts miðað við reglubundna tekjustofna á árinu 2020.

Í ágúst 2021 lá fyrir rekstraruppgjör fyrir fyrstu sex mánuði yfirstandandi árs. Niðurstöður þess birtast í töflu 7.



Tafla 7. Rekstraruppgjör fyrir Naust fyrstu sex mánuði ársins 2021

Tekjur		Hlutdeild í tekjum
Greiðslur frá Sjúkratryggingum	82,878	93%
Aðrar tekjur	5,811	7%
Tekjur samtals	88,689	
		Hlutdeild í kostn.
Rekstrarkostnaður		
Laun og tengd gjöld	75,923	78%
Orku- og vörukaup	10,030	10%
Ýmis þjónusta	8,233	8%
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	2,851	3%
		% af tekjum
Rekstrarkostnaður samtals	97,037	
Rekstrarniðurstaða án óvenjulegs launak.	-8,348	-9%

Fram kemur í töflu 7 að rekstrarhalli fyrstu sex mánuði ársins 2021 hefur vaxið enn miðað við rekstrarniðurstöðu fyrri ára. Rekstrarhalli fyrstu sex mánuði er -21% af tekjum. Launakostnaður er einn og sér er um 97,6% af heildartekjum. Miðað við þessar niðurstöður er hjúkrunarheimilið órekstrarfært án utanaðkomandi rekstrarframlaga til viðbótar við hefðbundna tekjustofna.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum var aflað upplýsinga um hvort einhver atriði væru til staðar sem gætu hafa skekkt fyrrgreinda niðurstöðu. Það þótti rétt til að ganga úr skugga um hvort ætíð væri um að ræða útgjöld vegna hefðbundins rekstrar eða hvort sértækir eða óvenjulegir liðir hefðu haft áhrif á fyrrgeint uppgjör. Lögð var áhersla á að kanna hvort einhverjar af eftirtöldum ástæðum væru til staðar:

1. Óvenjulegar greiðslur sem falla fyrir utan hefðbundinn rekstur.
2. Afturvirkar leiðréttingar vegna niðurstöðu kjarasamninga.
3. Rekstrarleg áhrif af ákvörðun um styttingu vinnuvikunnar.

Eftirfarandi upplýsingar bárust frá rekstrarstjóra Nausts. Á grundvelli þeirra var rekstrarniðurstaða Nausts fyrir árin 2015-2020 leiðrétt miðað við eftirfarandi. Niðurstaða þess kemur fram í töflu 8.

1. Á árunum 2019-2021 falla til greiðslur vegna sértæks uppgjors að fjárhæð kr. 10.727.929.- sem hægt er að færa rök fyrir að falli utan reglulegs rekstrarkostnaðar. Því er það metið rétt að draga þær frá launalið á hvert og skilgreina þær sérstaklega sem óvenjulega liði. Þannig fæst raunsæri mynd af launakostnaði og rekstrarniðurstöðu hvers árs að reglubundnum rekstri. Greiðslur skiptist þannig á ár: 2019: kr. 2.028.952.-

2020: kr. 6.383.815.-

2021: kr. 2.315.172.-

2. Á árinu 2021 koma til greiðslu afturvirkar leiðréttingar vegna niðurstöðu kjarasamninga hjúkrunarfræðinga að fjárhæð kr. 8.327.285.- vegna árána 2018-2020. Því er það metið rétt að draga þessar greiðslur frá launagreiðslum fyrir árið 2021 og færa þær til gjalda undir launagreiðslum tilheyrandi ára. Þannig fæst raunsærri mynd af launakostnaði og reglubundum rekstri hvers árs. Greiðslan skiptist þannig á ár:
2018: kr. 2.264.708.-
2019: kr. 2.564.498.-
2020: kr. 3.498.080.-
3. Áhrif styttingar vinnuvikunnar á rekstur Nausts hafa ekki verið greind nákvæmlega. Mögulegt er að ekki hafi enn liðið nægjanlega langur tími frá innleiðingu þessarar kerfisbreytingar svo hægt sé að afla nægjanlega glöggra upplýsinga til að hægt sé að leggja mat á endanleg áhrif hennar á rekstur Nausts.
4. Greiðsla Langanesbyggðar til Nausts á árinu 2020 er færðar frá tekjuhlíð rekstrarreiknings og færð sem óvenjulegar tekjur. Þannig kemur fram betri mynd af raunverulegri rekstrarniðurstöðu Nausts á árinu 2020.
5. Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins 2021 er leiðrétt með hliðsjón af framansögðu. Þannig kemur fram raunsærri mynd af rekstrinum á fyrri hluta ársins. Ekki er farið út í að tvöfalda niðurstöðu fyrstu sex mánuði ársins til spá fyrir um rekstrarniðurstöðu ársins.

Í töflu 8 er birt leiðrétt uppgjör fyrir rekstur Nausts fyrir árin 2015 - 2020 þannig að hægt sé að gera sér betur grein fyrir afkomu hjúkrunarheimilsins af hefðbundnum rekstri.

Uppgjörið er leiðrétt á eftirfarandi hátt:

1. Fjárhæðir eru færðar upp til verðlags 2020 miðað við vegið meðaltal stuðla í töflu 5.
2. Sértekur greiðslur eru teknar út úr launagreiðslum og færðar sem óvenjulegir liðir.
3. Afturvirkar launagreiðslur vegna kjarasamninga eru færðar til gjalda á viðkomandi ár.
4. Framlög Svalbarðshrepps og Langanesbyggðar eru færðar sem óvenjulegir liðir.

Tafla 8. Uppgjör fyrir rekstur Nausts fyrir árin 2015-2020 leiðrétt með tilliti til verðlagsbreytinga, afturvirkra greiðslna og óvenjulegra liða

Rekstrartekjur	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Heildartekjur	156,269,520	172,207,711	152,682,412	158,206,631	155,431,351	156,102,880
Heildartekjur	156,269,520	172,207,711	152,682,412	158,206,631	155,431,351	156,102,880
Rekstrarkostnaður						
Laun og tengd gjöld	126,037,961	128,272,738	128,463,402	131,717,600	135,657,629	141,351,303
Ýmis kostnaður	21,213,134	22,336,945	21,162,033	20,014,129	20,361,249	21,347,329
Aðkeypt þjónusta án i.l.	7,408,712	6,082,648	7,094,222	5,065,688	5,062,146	7,249,538
Innri leiga	5,355,449	3,796,167	3,617,841	3,555,717	3,621,299	7,654,042
Hlutdeild í sameiginlegum rekstrarkostnaði	66,406	8,465,192	5,453,674	5,320,843	5,533,930	5,578,192
Samtals rekstrarkostnaður	160,081,661	168,953,690	165,791,171	165,673,977	170,236,254	183,180,404
Rekstrarniðurstaða f. óvenjulega liði	-3,812,141	3,254,021	-13,108,759	-7,467,345	-14,804,902	-27,077,524
Óvenjulegir liðir						
Sértækar greiðslur					-2,028,952	-6,383,815
Framlag Svalbarðshrepps	1,091,672	-1,492,712	1,139,695	464,777	-219,101	4,709,944
Framlag Langanesbyggðar	303,383					46,602,991
Rekstrarniðurstaða eftir óvenjulega liði	-2,417,086	1,761,309	-11,969,065	-7,002,568	-17,052,955	17,851,596
Rekstrarniðurst. fyrir óvenjulega liði sem hlutfall af tekjum	-2.4%	1.9%	-8.6%	-4.7%	-9.5%	-17.3%

Í töflu 8 kemur fram að halli er af reglubundinni starfsemi Nausts í fimm ár af sex á þessu tímabili þegar framlag Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps eru færð sem óvenjulegir liðir og sértækar greiðslur eru dregnar frá launagreiðslum hvers árs og færðar sem óvenjulegur liður. Afturvirk áhrif kjarasamnings hafa verið færð inn í launakostnað árána 2018, 2019 og 2020. Heildartap af reglulegum rekstri á árunum 2015 – 2020 er samtals kr. 63.016.651.-. Þegar tekið er tillit til óvenjulegra liða þ.e. sértækra greiðslna 2019 og 2020 og framlags Langanesbyggðar árið 2020 að fjárhæð kr. 46.602.991.- er heildarniðurstaða árána 2015 - 2020 jákvæð um kr. 18.828.769.- Rétt er að benda á að árið 2016 og 2019 er greiðslustaða Svalbarðshrepps neikvæð. Það merkir að það lítur út fyrir að á því ári hafi Svalbarðshreppur hafi fengið greiðslu frá Nausti.

Sex mánaða uppgjör Nausts var einnig leiðrétt í samræmi við fyrrgreindar upplýsingar. Leiðrétt sex mánaða uppgjör fyrir árið 2021 kemur fram í töflu 9.

Tafla 9. Leiðrétt sex mánaða uppgjör Nausts fyrir árið 2021

Tekjur		Hlutdeild í tekjum
Greiðslur frá Sjúkratryggingum	82,878	93%
Aðrar tekjur	5,811	7%
Tekjur samtals	88,689	
Rekstrarkostnaður		Hlutdeild í kostn.
Laun og tengd gjöld	75,923	78%
Orku- og vörukaup	10,030	10%
Ýmis þjónusta	8,233	8%
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	2,851	3%
Rekstrarkostnaður samtals	97,037	% af tekjum
Rekstrarniðurstaða án óvenjulegs launak.	-8,348	-9%
Óvenjulegur launakostnaður	-10,642	
Rekstrarniðurstaða með óvenjul. launak.	-18,990	

Í töflu 9 er birt sex mánaða uppgjör fyrir Naust sem hefur verið leiðrétt á eftirfarandi hátt:

1. Afturvirkar greiðslur fyrir árin 2018-2020 vegna kjarasamninga hjúkrunarfræðinga hafa verið dregnar frá liðnum „laun og tengd gjöld“. Þær eru síðan færðar til útgjalda á viðkomandi ár.
2. Sértekur greiðslur hafa verið dregnar frá liðnum „Laun og tengd gjöld“ og færðar sem óvenjulegir liðir á viðkomandi ár.
3. Í töflu 5 kemur fram að halli af rekstri Nausts er 9% af heildartekjum fyrstu sex mánuði ársins 2021 en ekki 21% eins og kom fram í óleiðréttu uppgjöri. Enda þótt kostnaður hverfi ekki við slíkar leiðréttingar þá er mikilvægt að útgjöld séu skilgreind rétt og þau séu reikningsfærð á því ári sem þau tilheyra. Það gerir alla umræðu um fjárhag og rekstur Nausts skilvirkari og markvissari.

Minna ber á í þessu sambandi að starfsemi hjúkrunarheimila er ekki hagnaðardríf. Engu að síður er nauðsynlegt að almennar rekstrartekjur standi undir eðlilegum útgjöldum bæði hvað varðar rekstrarútgjöld og kostnað sem tengist húsnæðinu s.s. viðhald, tryggingar og almenna endurnýjunarþörf. Slíkt jafnvægi milli tekna og gjalda er nauðsynlegt svo bakhjarlar heimilisins þurfi ekki að leggja því til verulega rekstrarstyrki til viðbótar við hefðbundna tekjustofna. Það vantar verulega á að það markmið hafi náðst í rekstri hjúkrunarheimilisins Naust á því tímabili sem hér er til skoðunar.

4.3. Nánari greining á einstökum liðum í rekstri Nausts

Hér á eftir eru einstakir liðir í tekjuhlið og útgjaldahlið í rekstri Nausts greindir frekar. Markmið greiningarinnar er að glöggva sig á hvort þróun einstakra þátta hafi þróast á einhvern þann hátt að ástæða sé til að kanna hann frekar.

Tekjuhlið í rekstraryfirliti Nausts er sundurliðuð eftir einstökum tekjuliðum til að fá fram hlutdeild hvers liðar fyrir sig.

Unnið er eftir eftirfarandi verkskipulagi við greiningu ársreikninga:

1. Tekjuhlið á árlegu rekstraryfirliti er skipt upp í eftirfarandi þætti:
 - a. Greiðslur frá Sjúkratryggingum
 - b. Innheimt húsaleiga
 - c. Seldar vörur
 - d. Hlutdeild Svalbarðshrepps í rekstri
 - e. Aðrar endurgreiðslur
 - f. Framlag aðalsjóðs Langanessbyggðar

Hlutdeild hvers liðar er reiknuð hlutfallslega út fyrir hvert ár þannig að samanburðarhæfar upplýsingar fáist milli einstakra ára.

2. Útgjaldahlið rekstrarreiknings er skipt upp eftir einstökum útgjaldaliðum eins og hér kemur fram. Það er gert bæði til að fá fram hlutdeild hvers liðar fyrir sig svo og til að átta sig á hvernig hver liður hefur þróast.
 - A. Launakostnaður
 - B. Ýmis kostnaður
 - C. Aðkeypt þjónusta
 - a. Aðkeypt þjónusta með innri leigu
 - b. Aðkeypt þjónusta án innri leigu

Gerður er samanburður á fjárhagsáætlun og rauntölum ár hvert. Tilgangur þess er að fá yfirlit um hve vel fjárhagsáætlun nýtist sem stjórnþæki við rekstur hjúkrunarheimilisins.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum fyrrgreindra útreikninga.

Í töflu 10 kemur fram hlutfallsleg skipting hefðbundinna rekstrartekna ár hvert á því tímabili sem er til skoðunar án framlags Langanessbyggðar. Þar kemur fram að greiðslur frá Sjúkratryggingum eru yfirgnæfandi stærstur hluti tekna heimilisins ár hvert. Aðrar skipta minna máli í heildarsamhenginu.

Tafla 10. Hlutfallsleg skipting hefðbundinna tekna Nausts á árunum 2015-2020 án framlaga Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps

Skipting reglulegra tekna	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Sjúkratryggingar ofl. v.Naust	99.9%	99.4%	99.8%	99.1%	96.4%	99.7%
Húsaleiga	0.1%	0.5%	0.0%	0.1%	1.6%	0.2%
Seldar vörur m. 24% vsk	0.0%	0.0%	0.0%	0.8%	1.8%	0.0%
Aðrar endurgreiðslur	0.0%	0.1%	0.2%	0.0%	0.2%	0.1%
Samtals	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%

Í töflu 10 kemur skýrt fram hve greiðslur frá Sjúkratryggingum eru yfirgnæfandi hluti af hefðbundnum tekjustofnum Nausts. Athygli vekur að árið 2019 er hlutur húsaleigu og seldra vara hærri en önnur ár.

Í framhaldi af þessu er rétt að greina hlutdeild einstakra kostnaðarliða í reglubundnum tekjustofnum hjúkrunarheimilisins. Í þeim útreikningi eru framlög Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps ekki tekin með. Þau teljast ekki til reglubundinna tekjustofna heldur flokkast framlög sveitarfélaganna frekar sem neyðarráðstöfun sem gripið er til af brýnni nauðsyn. Niðurstaðan kemur nánar fram í töflu 11.

Tafla 11. Hlutdeild einstakra útgjaldaliða af reglulegum tekjum á árunum 2015-2020

Hlutdeild gjalda í reglulegum tekjum	2015	2016	2017	2018	2019	2020
Launakostnaður	80.7%	74.5%	84.1%	83.3%	87.3%	90.6%
Ýmis kostnaður	13.6%	13.0%	13.9%	12.7%	13.1%	13.7%
Aðkeypt þjónusta án i.l.	4.7%	3.5%	4.6%	3.2%	3.3%	4.6%
Innri leiga	3.4%	2.2%	2.4%	2.2%	2.3%	4.9%
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði	0.0%	4.9%	3.6%	3.4%	3.6%	3.6%
Samtals	102.4%	98.1%	108.6%	104.7%	109.5%	117.3%

Í töflu 11 kemur fram að hlutdeild launakostnaðar af hefðbundnum tekjustofnum hækkar verulega á árunum 2019 og 2020 miðað við hlutdeild hans árin þar á undan. Á árunum 2015 – 2018 er launaliður á bilinu 74.5% - 84.1% af heildartekjum að árinu 2016 undanskyldu þegar hann er mun lægri. Á árunum 2019 og 2020 hækkar hlutdeild launaliðar upp í 87,3% til 90.6% af heildartekjum. Rekstrartap hjúkrunarheimilisins vex einnig verulega á þessum árum. Með hliðsjón af því sem fyrr kemur fram er hægt að draga

Þá ályktun að rekstrartekjur hafi ekki hækkað í samræmi við þróun launakostnaðar og niðurstöður kjarasamninga.

4.4. Greining launakostnaðar

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir þróun launakostnaðar í rekstri Nausts sem er stærsti einstaki útgjaldaliður í rekstri þess. Starfsemi hjúkrunarheimila snýst í meginatriðum um umönnun og hjúkrun heimilsfólks. Því er launakostnaður stærsti einstakur kostnaðarliður í rekstri hjúkrunarheimila.

Í þessu sambandi er áhugavert að greina launaliðinn sérstaklega. Þar er meðal annars greint hvernig heildarlaun hafa þróast, hlutdeild hvers liðar og að síðustu hvernig einstakir launaliðir hafa þróast. Þar skiptir mestu máli hvernig yfirvinna þróast miðað við aðra launaliði. Hlutdeild yfirvinnu gefur nokkuð til kynna hvort jafnvægi sé í stjórnun á starfsmannahaldi, hvort upp hafa komið tilfallandi atvik sem hafa kallað á mikla yfirvinnu eða einhver önnur atriði sem hafa haft áhrif á hlutdeild dagvinnu og yfirvinnu. Launalið er skipt upp í mánaðarlaun, dagvinnu (tilfallandi aðkeypt dagvinna), yfirvinna og sértæk vinna sem tengist stórhátíðum.

Tafla 12. Hlutdeild einstakra liða í heildar launakostnaði á árunum 2016 - 2021

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Mánaðarlaun	77.5%	78.5%	77.7%	78.0%	79.6%	70.0%
Dagvinna	4.0%	4.3%	4.3%	1.7%	1.5%	4.9%
Yfirvinna	18.0%	16.8%	17.8%	20.1%	18.4%	24.0%
Stórhátíðarvinna	0.5%	0.3%	0.2%	0.2%	0.5%	1.0%
Samtals	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%	100.0%

Niðurstaða úr greiningu á sundurliðun launaliðar birtist í töflu 12. Þar kemur fram að hlutdeild launa sem greidd eru samkvæmt föstum mánaðarlaunum er mjög jöfn á árunum 2016 - 2020 eða á bilinu 77,5% - 79,6% af heildarlaunum. Upplýsingar lágu ekki fyrir frá árinu 2015. Sama gildir um hlutdeild yfirvinnu á þessu sama tímabili. Hlutdeild yfirvinnu er á árunum 2016 - 2020 á bilinu 16,8% - 20,1%. Hækkun á hlutdeild yfirvinnu að heldarlaunakostnaði er nokkur á árunum 2019 og 2020. Árið 2021 sker sig út í þessu sambandi bæði hvað varðar hlutdeild yfirvinnu. Hlutdeild mánaðarlauna fer niður í 70%

og hlutdeild yfirvinnu fer upp í 24%. Ekki liggja fyrir að svo stöddu gögn sem gera kleyft að greina ástæður þess niður í kjölinn. Mögulegt er að á árinu 2021 komi fram áhrif styttingu vinnuvikunnar á þann veg að hærra hlutfall launa er greitt sem yfirvinna. Stór hluti af starfsfólki Nausts er í hlutastarfi. Algengt er að fólk í hlutastörfum hafi brugðist við styttingu vinnuvikunnar á þann hátt að unnið sé sama starfshlutfall og áður en hærra hlutfall launa sé greitt í yfirvinnu. Þetta er þróun sem nauðsynlegt er að greina betur.


Í töflu 13. er greind þróun álagsgreiðslna á laun, skipt upp eftir einstökum flokkum.

Tafla 13. Álagsgreiðslur á laun á árunum 2016 - 2021

	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Álag 33%	4,774,581	4,419,826	4,565,801	4,043,371	4,213,038	4,856,688
Álag 45%	1,602,274	1,763,385	1,651,262	1,398,332	1,626,139	2,706,178
Álag 55%	12,588,313	12,858,225	12,580,711	13,483,179	14,194,530	12,096,108
Álag 90%	1,342,578	1,232,924	1,340,937	1,283,905	1,142,277	2,102,678
Samtals	20,307,746	20,274,360	20,138,711	20,208,787	21,175,984	21,761,652

Niðurstaða úr greiningu á þróun álagsgreiðslna á laun í töflu 13 leiðir í ljós að þar kemur ekkert fram sem vekur sérstaka athygli. Það er helst að tveir álagsflokkar hækka á árinu 2021 en stærsti álagsflokkurinn lækkar þar á móti.


Á mynd 1 kemur fram yfirlit um hvernig launakostnaður á Nausti hefur þróast að raungildi á árunum 2015 - 2020.



Mynd 1. Þróun launakostnaðar á árunum 2015 - 2020


Á mynd 1 koma tvö atriði fram sem skipta miklu máli í þessu sambandi. Í fyrsta lagi hefur launakostnaður hækkað verulega að raungildi á fyrrgreindu tímabili. Það er betur skýrt út á mynd 5. Í öðru lagi kemur fram að launabátturinn hefur verið metinn af nokkuð góðu raunsæi í fjárhagsáætlunum á árunum 2017 - 2019. Launakostnaður virðist aftur á móti hafa verið verulega vanmetinn í fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 svo og einnig fyrir árið 2020.

Á mynd 2. kemur betur fram hver munur hefur verið á fjárhagsáætlun og rauntölum hvað launakostnað varðar á árunum 2015 - 2020. Árið 2015 var launakostnaður 28% hærri í raun heldur en hafði verið áætlað fyrir í fjárhagsáætlun. Næstu fjögur ár er munurinn sáralítill sem segir að reksturinn hafi verið í góðu jafnvægi. Árið 2020 eykst munurinn aftur og verður launakostnaður þegar upp er staðið 13% hærri en áætlað hafði verið fyrir.



Mynd 2. Mismunur á raunverulegum launakostnaði og fjárhagsáætlun á árunum 2015-2020

Á mynd 3 kemur fram hlutfallsleg þróun heildarlaunakostnaðar á Nausti á árunum 2015 - 2020. Hér er um að ræða verulega raunaukningu. Hlutfallslega hafa heildarlaun á Nausti hækkað hlutfallslega að raungildi úr 100 á árinu 2015 upp í 112 á árinu 2020 eða um 12%.




Mynd 3. Hlutfallsleg þróun launakostnaðar á árunum 2015-2020

4.5. Þróun ýmissa rekstrarliða á árunum 2015 - 2020

Hér á eftir er farið yfir ýmis atriði úr rekstri Nausts á árunum 2015 til 2020 sem varða samanburð á raunverulegum kostnaði og fjárhagsáætlun ár hvert svo og þróun einstakra rekstrarliða.


Á mynd 4. koma annars vegar fram upplýsingar um raungreiðslur Sjúkratrygginga ríkisins á árinum 2015 - 2020 og hins vegar um fjárhæðir í fjárhagsáætlun fyrir hvert ár. Þar kemur fram að væntanlegar greiðslur Sjúkratrygginga hafa verið töluvert vanáætlaðar öll árin, mismikið þó. Mestur er munurinn á árunum 2015 og 2020.



Mynd 4. Greiðslur frá Sjúkratryggingum Íslands á árunum 2015 - 2020

Hlutfallsleg þróun greiðslna frá Sjúkratryggingum Íslands til rekstrar Nausts á árunum 2015 - 2020 kemur fram á mynd 5.


Þar kemur fram að greiðslur Sjúkratrygginga Íslands hafa verið mjög jafnar að raungildi frá árinu 2015 að árinu 2016 undanskyldu. Ekki liggja fyrir skýringar hver er ástæða þess að það ár sker sig svo úr með hærri greiðslum.



Mynd 5. Þróun á greiðslum Sjúkratrygginga Íslands til Nausts á árinum 2015 - 2020.

Áhugavert er að fá yfirlit um þróun á hvernig „ýmis kostnaður“ hefur þróast á fyrrgreindu árabili. Það kemur fram á mynd 6. Þeir liðir sem veða þyngst í þessu lið


rekstursins eru matvörur, lyf og lækningavörur og að síðustu einnota lækninga- og hjúkrunarvörur. Síðan kemur til viðbótar margháttaður annar kostnaður sem fellur til við rekstur sem hér um ræðir.



Mynd 6. Þróun „ýmiss kostnaðar“ að raungildi og skv. fjárhagsáætlunum á árunum 2015 - 2020

Á mynd 6 kemur fram að gegnum árin hefur verið gott jafnvægi milli fjárhagsáætlunar og rauntalna úr rekstri hvað varðar „ýmsan kostnað“ að árunum 2016 og 2020 undanskyldum. Á þeim tveimur árum hefur kostnaður við ýmsan kostnað farið töluvert fram út fjárhagsáætlun.


Ýmiss kostnaður hækkaði að raungildi milli árunna 2015 og 2016. Á næstu fjórum árum lækkaði hann töluvert að raungildi og var í tvö ár lægri en á árinu 2015. Síðan hækkar hann nokkuð á árinu 2020 en þó ekki verulega. Þetta kemur betur fram á mynd 7.



Mynd 7. Hlutfallsleg þróun „ýmiss kostnaðar“ á árinum 2015 - 2020

Á mynd 8 kemur fram yfirlit um hlutfallslega þróun á aðkeyptri þjónustu. Þar sést að kostnaður við aðkeypta þjónustu hefur farið lækkandi að raungildi á árunum 2015 – 2019. Síðan hækkar liðurinn mikið á árinu 2020. Hér er innri leiga innifalin eins og áður kemur fram.


Á mynd 8 kemur fram hlutfallsleg þróun á aðkeyptri þjónustu á árunum 2015 - 2020.



Mynd 8. Hlutfallsleg þróun á raunkostnaði við aðkeypta þjónustu á árunum 2015 - 2020

Hér á eftir verður skoðað nánar hvaða þátt innri leiga á í þeirri þróun á raunkostnaði við aðkeypta þjónustu sem kom fram í mynd 8.


Á mynd 9 kemur fram yfirlit um þróun á raunkostnaði við aðkeypta þjónustu án innri leigu. Hún hefur sveiflast nokkuð milli ára en fer þó lækkandi að raungildi á árunum 2015 - 2019. Nokkur hækkun er á aðkeyptri þjónustu milli árana 2019 og 2020.



Mynd 9. Hlutfallsleg þróun á raunkostnaði við aðkeypta þjónustu án innri leigu á árunum 2015 - 2020


Innri leiga er reiknað endurgjald fyrir afnot af því húsnæði sem starfsemin er rekin í. Innri leiga er reiknuð til að taka tillit til húsnæðiskostnaðar svo og að gera rekstur í húsnæði sem sveitarfélögin eiga samanburðarhæfan við rekstur í einkaeigu. Athygli vekur hvað kostnaður við aðkeypta þjónustu hækkar hlutfallslega á árinu 2020.

Á mynd 10 kemur fram yfirlit um hlutfallslega þróun á innri leigu fyrir hjúkrunarheimilið Naust á árunum 2015 - 2020.



Mynd 10. Hlutfallsleg þróun á raunkostnaði við innri leigu á árunum 2015 - 2020

Á mynd 10 kemur fram að innri leiga hækkar verulega á árinu 2020. Það gerist að öllum líkindum vegna þeirra endurbóta sem áttu sér stað á húsnæði hjúkrunarheimilisins á árinu 2019. Á mynd 11 kemur fram hvernig aðkeypt þjónusta annarsvegar (án innri leigu) og innri leiga hafa þróast á tímabilinu.




Mynd 11. Þróun á raunkostnaði við aðkeypta þjónustu á árunum 2015 - 2020

Á mynd 11 kemur glögggt fram hvernig þróun á aðkeyptri þjónustu með og án innri leigu hefur þróast á því tímabili sem til skoðunar er. Aðkeypt þjónusta án innri leigu er öll árin

töluvert hærri en innri leigan til og með ársins 2019. Á árinu 2020 hækkar hvorutveggja verulega. Innri leiga er orðin hærri en aðkeypt þjónusta en aðkeypt þjónusta án innri leigu hækkar einnig verulega. Ekki er ljóst hver er meginástæða þeirrar hækkunar. Innri leiga er mjög jöfn á árunum 2016 - 2019. Hún hækkar síðan í kjölfar verulegra fjárfestinga vegna umfangsmikilla breytinga á húsnæðinu á árunum 2019 - 2020.

Á mynd 12 er borin saman hlutfallsleg þróun á greiðslum frá Sjúkratryggingum annars vegar og þróun launakostnaðar hins vegar.

Á myndinni kemur glögg fram hver munur hefur verið á þróun á greiðslum Sjúkratrygginga annars vegar og launakostnaði hins vegar. Hér er um að ræða afgerandi atriði þar sem launakostnaður er langstærsti útgjaldaliður í rekstri Nausts eða að jafnaði um 79% rekstrarkostnaðar. Þá er ekki tekið tillit til húsnæðiskostnaðar. Þegar þróun þessa afgerandi þátta í rekstri heimilisins er svo mismunandi þá getur það ekki endað nema með sívaxandi rekstrarhalla.




Mynd 12. Hlutfallsleg þróun á greiðslum frá Sjúkratryggingum annars vegar og launakostnaðar hins vegar á árunum 2015 - 2020

Niðurstöður úr þeim samanburði, sem kemur fram á mynd 12, eru áhugaverðar í ljósi versnandi rekstrarafkomu Nausts. Athyglisvert er hve mikill munur er á raunhækkunum á greiðslum frá Sjúkratryggingum annars vegar og launakostnaði hins vegar. Án þess að það liggi fyrir á afgerandi hátt eða hafi verið kannað nákvæmlega þá er líklegt að þessi munur á greiðslum Sjúkratrygginga og launakostnaði eigi til dæmis rætur að rekja til þess hve

langur tími líður á milli þess að launakostnaður hækkar í kjölfar kjarasamninga og að dagjöld hækka með hliðsjón af breyttum forsendum.


4.6. Yfirlit um rekstrarniðurstöðu Nausts eftir leiðréttingafærslur

Hér verður gerð grein fyrir rekstrarniðurstöðu Nausts á árunum 2015 - 2020 fyrir óvenjulega liði en eftir að fyrrgreindar leiðréttingar hafa verið gerðar. Þær koma fram á mynd 13. Hallarekstur er á hjúkrunarheimilinu öll árin nema eitt. Hallinn vex á árinu 2019 og fer síðan verulega vaxandi á árinu 2020. Miðað við sex mánaða uppgjör ársins 2021, sem hefur verið kynnt fyrr í þessari skýrslu, þá er ekki að sjá að sú þróun sé eitthvað að breytast. Til viðbótar erfiðri stöðu í hefðbundnum rekstri koma óvenjulegir útgjaldaliðir vegna sértækra aðgerða þar til viðbótar.



Mynd 13. Rekstrarniðurstaða Nausts eftir leiðréttingar en fyrir óvenjulega liði á árunum 2015 - 2020.


Á mynd 14 kemur fram rekstrarniðurstaða Nausts þegar tekið hefur verið tillit til óvenjulegra liða en án framlaga sveitarfélaganna.



Mynd 14. Rekstrarniðurstaða Nausts eftir leiðréttingar með óvenjulegum liðum en án framlaga sveitarfélaganna á árunum 2015 - 2020.

Á mynd 14 kemur fram að rekstrarhalli Nausts á árinu 2020 er 33.4 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til allra útgjaldaliða og þeir færðir á tilheyrandi ár.

Á mynd 15 er gefið yfirlit um rekstrarniðurstöðu Nausts þegar tekið hefur verið tillit til óvenjulegra liða og rekstrarframlags Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps.



Mynd 15. Rekstrarafkoma Nausts eftir óvenjulega liði á árunum 2015 - 2020

Á mynd 15 sést glögg að miklu varðar að greina rekstrarafkomu Nausts áður en tekið hefur verið tillit til framlaga sveitarfélaganna. Rekstrarhalli að teknu tilliti til óvenjulegra liða er um 17 m.kr. á árinu 2019 en afgangur er af rekstri á árinu 2020 þegar

sveitarfélögin hafa lagt hjúkrunarheimilinu um 51 m.kr. til rekstrarins. Þrátt fyrir að óvenjulegir liðir hafi verið teknir út úr hefðbundnu rekstraruppgjöri þá var það gert til að hafa möguleika á að greina betur niðurstöðu úr hefðbundnum rekstri. Óvejulega liði þarf engu að síður að greiða þrátt fyrir að þeir séu skilgreindir sérstaklega. Samkvæmt sex mánaða uppgjöri fyrir árið 2021 hefur staðan ekki batnað. Hallarekstur Nausts á fyrstu sex mánuðum ársins 2021 án óvenjulegra liða er 8,3 m.kr. en 10,7 með óvenjulegum liðum. Sú niðurstaða fæst eftir að leiðrétt hefur verið fyrir kjarasamningum hjúkrunarfræðinga sem leiddu af sér afturvirkar launaleiðréttingar vegna laun á árunum 2018 – 2020 en sem voru greiddar út á árinu 2021.

Í þessu sambandi má benda á að hér hefur ekki verið farið yfir hvort innri leiga taki eðlilegt mið af kostnaði við það húsnæði sem hjúkrunarheimilið Naust nýtir. Það hefur lengi verið óútkljáð ágreiningsefni í viðræðum milli SFV og ríkisvaldsins hvernig eigi að fara með húsnæðiskostnað hjúkrunarheimila í sambandi við ákvörðun daggjalda heimilanna.

4.7. Samanburður á greiðslum Sjúkratrygginga og heildarlaunakostnaði Nausts

Með hliðsjón af síversnandi afkomu Nausts á undanförunum árum eins og hún birtist í niðurstöðum greiningarvinnu hér að framan, þá er er áhugavert að bera saman greiðslur frá Sjúkratryggingum annars vegar og heildarlaunagreiðslum hins vegar. Þessir liðir eru hvor um sig þeir þeir liðir sem hafa mest áhrif á afkomu hjúkrunarheimilisins. Greiðslur frá Sjúkratryggingum eru afgerandi stærsti tekjuliðurinn (99% reglubundinna tekna) og heildarlaun er stærsti útgjaldaliðurinn (að jafnaði nálægt 80% heildarútgjalda). Hvernig þeir þróast hvor fyrir sig svo og hvernig samræmi er milli þess sem þeir þróast hefur því afgerandi áhrif á endanlega rekstrarafkomu Nausts. Til frekari glöggvunar um þróunina eru teknar með niðurstöður úr rekstraruppgjöri nausts yfir fyrstu 6 mánuði ársins 2021. Miklu máli skiptir í þessu sambandi að taka nýjustu upplýsingar með eftir því sem fært er.


Heildarfjárhæðir í hvorum lið fyrir sig koma fram í töflu 14.

Tafla 14 Greiðslur frá Sjúkratryggingum og heildarlaunakostnaður Nausts á árunum 2015 - 2021

	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021
Greiðslur frá Sjúkratryggingum	154,451,886	172,767,205	151,189,865	156,233,202	150,079,038	155,562,130	82,877,935
Heildarlaunagreiðslur á Nausti	126,037,961	128,272,738	128,463,402	131,717,600	135,657,629	141,351,303	75.923,636
Mismunur	28,413,926	44,494,467	22,726,463	24,515,602	14,421,409	14,210,827	6,954,299

Í töflu 14 kemur glöggt fram hve bilið milli greiðslna frá Sjúkratryggingum og heildarlaunakostnaður Nausts hefur minnkað á þessu tímabili. Hér hefur verið tekið tillit til afturvirkra greiðslna í sambandi við niðurstöður kjarasamninga en sértækar uppgjörsgreiðslur vegna sértækra aðstæðna eru ekki teknar með. Væru þær teknar með yrði munurinn enn minni en þær voru samtals að fjárhæð 10,7 m.kr. Aftur á móti hefur verið tekið tillit til launakostnaðar Nausts vegna afturvirkni kjarasamninga sem komu til greiðslu á árinu 2021. Þær voru fluttar frá árinu 2021 yfir á viðkomandi ár. Árið 2016 sker sig úr í þessu sambandi þar sem greiðslur frá Sjúkratryggingum eru áberandi hæstar.

Með því að bera saman hlutdeild heildarlaunakostnaðar af greiðslum frá Sjúkratryggingum þá fæst betri mynd af því hvernig þessir tveir liðir, sem eru hafa afgerandi áhrif á rekstur hjúkrunarheimilisins, hafa þróast á fyrrgreindu tímabili. Niðurstaða þess samanburðar er birt í mynd 16.



Mynd 16. Hlutfall heildarlaunakostnaðar af greiðslum frá Sjúkratryggingum á árunum 2015 – 2021

Á mynd 16 kemur glöggt fram hve þróun heildarlaunakostnaðar sem hlutfall af greiðslum frá Sjúkratryggingum hefur verið óhagstæð frá og með árinu 2017. Árið 2015 er heildarlaunakostnaðar Nausts 81,6% af greiðslum frá Sjúkratryggingum. Árin 2017 og 2018 er þetta hlutfall komið upp í um 85%. Árið 2019, 2020 og 2021 er hlutfallið komið upp í rúm 90% og fer heldur hækkandi ár frá ári. Vitaskuld segir uppgjör fyrir fyrstu sex mánuði ársins ekki allt um hvernig niðurstaðan verður í árslok, en gefur mjög sterka vísbandingu um hvernig stöðugt hallar á verri veg í rekstri Naust.

Áhugavert er að skoða í framhaldi af fyrrgreindu uppgjöri hverjar greiðslur Sjúkratrygginga þyrftu að vera ef heildarlaun væru 81,6% af greiðslum Sjúkratrygginga á hverju ári á tímabilinu 2017 – 2021. Þá er tekið mið af því hlutfalli sem var milli heildarlauna Nausts og greiðslna frá Sjúkratryggingum á árinu 2015.

Niðurstaða þessara útreikninga er birt í töflu 15.

Tafla 15. Fjárvöntun Nausts á árunum 2017 - 2021 miðað við að heildarlaun séu árlega 81,6% af greiðslum frá Sjúkratryggingum.

	2017	2018	2019	2020	2021
Fjárvöntun ár hvert miðað við að laun séu alltaf 81,6% af greiðslum frá Sjúkratryggingum	6,240,774	5,185,425	16,168,056	17,662,506	10,165,737

Niðurstöður þær sem birtar eru í töflu 15 eru leiddar fram eftir ákveðinni nálgun til að greina þá fjárvöntun sem hjúkrunarheimilið Naust stendur frammi fyrir. Á því fjóra og hálfra rekstrarári sem tekið var til skoðunar er því hægt að færa rök fyrir því að heildarfjárvöntun Nausts sé nálægt 55,4 m.kr. Þá er gengið út frá þeirri forsendu að sama hlutfall væri öll árin milli heildarlauna og greiðslna frá Sjúkratryggingum eins og það var á árinu 2015. Athygli vekur að þessi fjárhæð er mjög áþekk þeirri fjárhæð sem Langanesbyggð og Svalbarðshreppur lögðu Nausti til á árinu 2020.

Vitaskuld eru þessir útreikningar ákveðin nálgun, eins og áður segir. Meginniðurstaða þeirra er að leiða í ljós hvernig rekstrarstaða Nausts hefur versnað á fyrrgreindu tímabili og draga niðurstöðuna saman í tiltekinni fjárhæð. Ekki er að sjá annað en að versnandi rekstrarafkoma leiði af því að greiðslur frá Sjúkratryggingum til hjúkrunarheimilisins hafa ekki fylgt eftir þeirri þróun sem hefur verið í launakostnaði ár hvert.

Sú greining sem farið hefur verið yfir hér að framan gefur ekki annað til kynna en að starfsmannahald og launagreiðslur á Nausti hafi verið í mjög föstum skorðum á fyrrgreindu tímabili eða á árunum 2015 – 2021. Hlutfall yfirvinnu og álagsgreiðslna virðist einnig vera í mjög föstum skorðum. Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunagreiðslum hækkar þó aðeins á árunum 2019 og 2020 miðað við fyrri ár en hækkar svo verulega á árinu 2021. Þar geta komið til áhrif vegna Covid 19 svo og vegna styttingu vinnuvikunnar. Annar rekstrarkostnaður heimilisins er einnig mjög stöðugur.



Því er ekki að sjá annað en að vaxandi rekstrarhalli eigi rætur sínar að rekja til þess að raungildi greiðslna frá Sjúkratryggingum hafi ekki fylgt eftir niðurstöðum raunhækkana í launakostnaði. Raunhækkun heildarlauna eiga þannig að því virðist rætur sínar að rekja til niðurstöðu kjarasamninga á hverjum tíma svo og annarra tengdra þátta sem rekstraraðilar hjúkrunarheimilisins hafa enga möguleika til að hafa áhrif á.

Þegar farið er yfir fyrrgreindar niðurstöður þá verður að halda því til haga að málefni aldraðra og rekstur hjúkrunarheimila er á ábyrgð ríkisvaldsins. Undir öllum eðlilegum kringumstæðum ætti það því ekki að vera hlutverk sveitarfélaganna að leggja hjúkrunarheimilum til rekstrarfé. Fjárframlög Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps hafa því verið óhjákvæmileg neyðarráðstöfun til að koma í veg fyrir að hjúkrunarheimilið fari í greiðsluþrot í þeirri erfiðu fjárhagsstöðu sem hefur byggst upp hjá því á nokkurra ára tímabili.

Það segir sig sjálft að slíkar ráðstafanir mega ekki verða að föstum útgjaldalið hjá sveitarfélögunum. Há fjárframlög til hjúkrunarheimilsins draga úr getu þeirra til að standa undir þeim verkefnum sem eru á ábyrgð sveitarfélaga samkvæmt sveitarstjórnarlögum og öðrum sérlögum þar um.

Heimildaskrá

Benedikt Valsson. (2021). Persónulegar heimildir úr óbirtum niðurstöðum.

Framkvæmdasýsla ríkisins. Hjúkrunar- og dvalarheimilið Naust, Þórshöfn. Viðbygging. Skilamat. 2007. Sótt 18. Júlí 2021 af www.fsr.is/media/samstarf/Skilamat/Hjukrunar--og-dvalarheimidid-Naust,-Thorshofn---Skilamat-oktober-2007.pdf

Fjöldi hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrýma (Heilbrigðisráðuneytið). (2021). Sótt þann 13. Júlí 2021 af www.stjornarradid.is/verkefni/lif-og-heilsa/oldrunarmal/oldrunarstofnanir/hjukrunar-dvalar-og-dagdvalarrymi/

Gísli Páll Pálsson. (2021). Persónulegar heimildir.

Hagstofa Íslands. Upplýst samfélag. (2021). Sótt 14. júlí 2021 af hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekjur/launavisitala/

Karítas Ósk Agnarsdóttir. (2021). Persónulegar heimildir.

Jóhann Hafberg Jónasson. (2021). Persónulegar heimildir.

Jónas Egilsson. (2021). Persónulegar heimildir.

RAI mat. Embætti landlæknis. (2021). Sótt 7. september 2021 af www.landlaeknir.is/gaedi-og-eftirlit/heilbrigdisthjonusta/eftirlit-med-stofnunum-og-starfsstofum/rai-mat/

Rammasamningur milli Sjúkratrygginga Íslands (Sí) og hjúkrunarheimila um þjónustu hjúkrunarheimila (2016). Sótt þann 18. Júlí 2021 af www.sjukra.is/media/samningar/Rammasamningur-um-thjonustu-hjukrunarheimila.pdf

Sigurjón Norberg Kjærnested. (2021). Persónulegar heimildir.

Starfshópur heilbrigðisráðuneytisins. Skýrsla verkefnisstjórnar. (2021). Greining á rekstrarkostnaði hjúkrunarheimila. Sótt 15. júlí 2021 af www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Greining%20á%20rekstri%20hjukrunarheimila%2020042021.pdf

Valgerður F. Ágústsdóttir. (2021). Persónulegar heimildir.